

kan
le

LANDNÁM INGÓLFS

Nýtt safn til sögu þess

1

930535

Félagið Ingólfur gaf út
1983

SIGHVATUR BJARNASON
bankastjóri Íslandsbanka

Verzlunarlífið í Reykjavík um 1870

Fyrirlestur haldinn í Verzlunarmannafélagi Reykjavíkur í mars 1922. Haraldur Hannesson bjó til prentunar, ritaði formálsorð og samdi nokkrar skýringar ásamt Bergsteini Jónssyni.

Fyrir nokkrum árum fékk ég í hendur ýmis merkileg gögn og skilríki úr fórum Sighvats Bjarnasonar fyrrum bankastjóra Íslandsbanka, sem um langt skeið var einn af helstu virðingarmönnum landsins. Þessi plögg voru að mestu leyti ritgerðir og fyrirlestrar, sem Sighvatur hafði ritað á langri starfsævi og ýmist birt í blöðum bæjarins eða flutt í félögum og samtökum sem hann var viðriðinn um ævina. Þessir fyrirlestrar og ritgerðir höfðu um langan tíma verðið í vörslu afkomenda hans, en voru nú fengin Bóka- og skjalasafni Seðlabanka Íslands til varðveislu.

Mér fannst að sjálfsögðu mikið til um að fá þessi merku gögn til meðferðar, því að mér var vel kunnugt um, að Sighvatur Bjarnason var mikils metinn maður á sínum tíma, vel að sér og pennafær. Auk þess var hann annar af tveim frumherjum íslenskrar bankastarfsemi, en hinn var Halldór Jónsson bankagjaldkeri, faðir



Sighvatur Bjarnason bankastjóri og kona hans Ágústa Sigfúsdóttir.

Jóns Halldórssonar síðar aðalféhirðis og skrifstofustjóra Landsbanka Íslands og Péturs Halldórssonar, síðar borgarstjóra í Reykjavík, og þeirra systkina. Ég hugði því gott til glóðarinnar að kanna þessi skrif og varð raunar ekki fyrir vonbrigðum. Þarna var að finna skemmtileg erindi um banka og hlutverk þeirra, umræður um bankamál, langt erindi og fróðlegt, sem hann kallaði Fjármálahugleiðingar, þar sem hann miðlaði af þekkingu sinni og reynslu, og síðast en ekki síst erindi það sem hér fer á eftir og hann nefndi: „Um verslunarlífið í Reykjavík fyrir hálfri öld síðan“. Erindi þetta eða fyrirlestur var haldinn í Verslunarmannafélagi Reykjavíkur í marsmánuði árið 1922.

Sighvatur Bjarnason ólst upp í Vesturbænum í Reykjavík og var þaukunnugur verslunarlífinu í bænum eins og það var í kringum 1870, enda gefur erindið greinargóða lýsingu á lífsháttum og starfi verslunarmanna á þessum tíma og skýra hugmynd um þær gifurlegu breytingar sem orðið hafa hér í borg á þeim rösku hundrað árum sem síðan eru liðin. Ýmislegt fleira var að finna í þessum eftirlátnu skrifum Sighvats Bjarnasonar, og verður það ekki tíundað frekar hér.

Áður en lengra er haldið langar mig til að rekja í örfáum dráttum helstu æviatriði þessa merka manns, sem af eljusemi og dugnaði vann sig upp úr fátækt til æðstu metorða í viðskiptalífi þjóðarinnar.

Sighvatur Kristján Bjarnason fæddist í Vesturbænum í Reykjavík 25. janúar 1859 og var sonur hjónanna Bjarna Kristjánssonar tómthúsmanns í Hlíðarhúsum við Hlíðarhúsastíg, sem nú nefnist Vest-

urgata, og konu hans Þorbjargar Sigfúsdóttur, náfrænku Benedikts sýslumanns Sveinssonar, föður Einars skálds. Þau hjón voru fátæk þótt þau kæmust sæmlega af á þeirra tíma mælikvarða, og bjó Sighvatur því við þröngan kost í uppvestinum og varð að ganga að hvers konar vinnu löngu fyrir fermingu til þess að léttu undir með foreldrum sínum. Um reglubundið skólanám var ekki að ræða, enda voru engin efni til þess að kosta hann til skólagöngu, eins og vert hefði verið um svo vel gefinn og efnilegan ungan mann.

En góðir hæfileikar Sighvats komu fljótt í ljós, og haustið 1873 komst hann í þjónustu Jóns landshöfðingjaritara Jónssonar, sem sá fljótt hvað í drengnum bjó. Reyndist hann Sighvati vel og kom honum árið eftir til starfa á skrifstofu Hilmars Finsens landshöfðingja. Var hann þá aðeins 15 ára að aldri. Þar vann Sighvatur síðan til 1885. Það ár voru samþykkt lög um stofnun Landsbanka Íslands og átti hann að taka til starfa árið eftir. Á þessum árum var fátt um æfða bankastarfsmenn hér í bæ. Að vísu hafði Halldór Jónsson verið gjaldkeri Sparisjóðs Reykjavíkur frá því að hann var stofnaður árið 1872, enda þótti hann sjálfkjörinn féhirðir hinnar nýju stofnunar. Aftur á móti var örðugra um vik að finna hæfan bókara, sem kynni góð skil á öllum þáttum almennrar bankastarfsemi.

Nú hafði Sighvatur Bjarnason getið sér gott orð á skrifstofu landshöfðingja, og fékk hann veitingu fyrir bankabókara-stöðunni, þótt hann væri ekki nema 26 ára að aldri. Sýnir þetta best hversu mikið traust hann hafði áunnið sér og hversu mikils var af honum vænst.



Guðjón Sigurðsson úrsmiður byggði Ingólfsþvol árið 1903 á grunni Knudtzonsverslunar. Í þessu húsi hóf Íslandsbanki starfsemi sína 1. júní 1904 og var þar til vors 1906. Á skiltinu í glugganum stendur „Íslands banki Hlutafjelag“.

Til þess að búa sig undir hið nýja starf hélt hann þegar til Kaupmannahafnar í því skyni að kynna sér almenna bankastarfsemi og dvaldist þar til ársins 1886, en þá um sumarið, hinn 1. júlí, tók Landsbankinn til starfa í húsi Sigurðar Kristjánssonar bóksala, sem stendur enn við hliðina á Verslunarbanka Íslands.

Sighvatur reyndist eins og vænta mátti vel í starfi og átti hann mikinn þátt í veldingni Landsbankans fyrstu árin, þótt ýmsir örðugleikar yrðu á veginum. Hann var ákaflega vandvirkur og vel að sér, enda hafði hann notað tímann vel við

nám sitt í Kaupmannahöfn. Bera bókhaldsbækur Landsbankans, sem enn eru til og varðveittar í skjalasafni hans, með sér hversu fágaður og vandvirkur starfsmaður Sighvatur hefur verið. Fyrsta aðalbók bankans, sem Sighvatur færði má heita hinn hreinasti kjörgripur. Hún er ákaflega stór og mikil um sig, eins og þá var títt, hvorki meira né minna en um 17 kílógrömm að þyngd, en ákaflega fallæg og vel færð frá upphafi til enda. Hafði Sighvatur skýra rithönd.

Bókari Landsbanka Íslands var Sighvatur frá 1886 til 1904, en gegndi jafn-



Fyrstu starfsmenn Íslandsbanka. Frá vinstri til hægri: Þórður J. Thoroddsen læknir, aðalféhirðir. Hannes Thorsteinsson, síðar bankastjóri. Bjarni Sighvatsson, síðar bankastjóri í Vestmannaeyjum. Sveinn Hallgrímsson, síðar aðalféhiðir. Jens B. Waage, síðar bankastjóri. Viggó Björnsson, síðar bankastjóri í Vestmannaeyjum. Sighvatur Bjarnason bankastjóri.

framt aðstoðarmannsstörfum í skrifstofu landshöfðingja til ársins 1896.

Pegar Íslandsbanki tók til starfa árið 1904 var Sighvatur Bjarnason ráðinn bankastjóri hans ásamt dönskum manni, Emil Schou að nafni. Þótti hann vel hæfur til þessa ábyrgðarmikla starfs sakir þeirrar reyngu sem hann hafði aflað sér við Landsbankann. Þegar í Íslandsbanka kom reyndist Sighvatur eins og fyrr mikilvirkur og röggur. Hafði hann í fullu tré við hinn danska samstarfsmann sinn og reyndist atvinnuvegum landsmanna haurur í horni. Er haft fyrir satt, að það hafi mikið verið fyrir hans tilstuðlan, að

Íslandsbanki studdi svo kröftuglega að uppbyggingu togaraútgerðar í byrjun aldarinnar.

Svo sem títt er um ósérhlífna og ötula menn eins og Sighvat Bjarnason hlóðust á hann hvers konar trúnaðarstörf, bæði í opinbera þágu og ýmissa félaga eða samtaka sem verið var að stofna til menningarauka og framfara í bænum. Þannig var hann skipaður fjárhaldsmaður Reykjavíkurdómkirkju árið 1887. Hann var í stjórn Ekknasjóðs Reykjavíkur, í yfirstjórn Heilsuhælisfélagsins, stjórn Verslunarskóla Íslands og ótal mörgum félögum og stofnunum öðrum. Hann var einn

af frumkvöðlum Oddfellowreglunnar árið 1897 og beitti sér einnig fyrir stofnun Landsspítalans. Um það mál ritaði hann ágæta grein í Morgunblaðið 1925. Annars verða afskipti hans af opinberum málum ekki rakin frekar hér, enda yrði það allt of langt mál. Þess skal þó getið, að hann var í Niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur frá 1887 til 1893 og í Bæjarstjórn Reykjavíkur í fimm ár frá 1900 til ársins 1905.

Jón Magnússon, síðar forsætisráðherra, ritaði grein um Sighvat Bjarnason í októberblað Óðins 1907 og lýsir honum á þessa leið:

„Sighvatur Bjarnason er meðalmaður á hæð og svarar sjer vel, skarpleitur í andliti, ljós að yfirlitum, og snyrtimaður í allri framgöngu. Hann hefur verið hinn mesti starfsmaður alla sína æfi, afkastamaður mikill og ósjerhlífinn. Sá sem þetta ritar hefur um nokkur ár unnið með honum og getur af eiginni reyngu borið um frábæra ósjerplægni hans og ósjerhlífni við verk. Hann hefur fjölhæfar gáfur, er talaður vel á mannfundum; á prenti hefur ekki sjest mikið eftir hann fyrir utan Landhagsskýrslurnar, en hann var um mörg ár einn aðalhöfundur þeirra; það sem hann ritar er ljóst og skipulegt“.

Sighvatur Bjarnason lét af störfum hjá Íslandsbanka árið 1921 og hafði þá verið bankastjóri þar í samfleytt 16 ár. Hafði þetta erilsama og vandasama starf reynt mjög á hann, enda var hann farinn að heilsu er hann hætti. Átti hann við meiri eða minni vanheilsu að stríða það sem eftir var ævinnar. Eigi að síður var hann sistarfandi og áhugasamur um hagi þjóð-

arinnar og velferð. Hann starfaði ötullega í ýmsum félögum og samtökum og lét sér fátt mannlegt óviðkomandi. Hann andaðist í svefni að morgni hins 30. ágúst 1929 á sjötugasta og fyrsta aldursári.

Hér er ekki rúm til þess að gera hinu umfangsmikla ævistarfi Sighvats Bjarnasonar bankastjóra þau skil sem verdugt væri og verður því látið staðar numið að sinni.

Hinn 29. október 1886 kvæntist Sighvatur merkri og góðri konu, Ásgerði Ágústu Sigfúsdóttir frá Undirfelli í Vatnsdal, systur Björns Sigfússonar alþingismanns, sem lengi bjó á Kornsa. Þeim hjónum varð níu barna auðið og eru þau nú öll látin nema Ásta, sem lengi var kennslukona á Blönduósi, en á nú heima hér í borg hnigin að aldri, fædd 1897. Hún var gift Karli Helgasyni, sem á sínum tíma var forstöðumaður pósts og síma á Akranesi. Hann lést fyrir nokkrum árum.

Erindi Sighvats Bjarnasonar, sem hér fer á eftir, er að mestu varðveitt eins og hann gekk frá því sjálfur til flutnings. Þó hefur hann á stöku stað notað styttingar og minnis- eða atriðisorð, sem sýna þó yfirleitt hvað hann hefur ætlað að segja. Hef ég fyllt í eyðurnar á nokkrum stöðum, eftir því sem mér hefur þótt við þurfa, en gert mér far um að halda orðalagi hans eftir föngum.

Nokkrum skýringum hef ég bætt inn í hér og þar, en vonast þó til að hafa ekki með því spillt frásögn höfundar. Að lokum skal þess getið, að hér er fylgt þeirri stafsetningu, sem nú tíðkast.

Haraldur Hannesson.



Íslandsbanki séður frá Bankastræti. Mynd úr ferðabók Inu von Grumbkow: Ísafold. Reisebilder aus Island. Berlin 1909. Bls. 26.

Háttvirtir fundarmenn mega ekki vænta þess af mér að heyra hér í kvöld vísindalegan fyrirlestur um verslun né heldur tæmandi lýsingu á verslunar-ástandinu, eins og það var hér í bæ fyrir um hálfri öld, eða kringum 1870.

Það sem mig langar til að koma á framfæri hér er í fyrsta lagi nokkrir sundurlausir þankar, ef svo má að orði kveða, og nokkrir fróðleiksmolar um það, hvernig versluninni og verslunarrekstrinum var þá háttað í daglegu lífi, eins og sagt er. Í öðru lagi ætla ég að lýsa því, hvernig lífi verslunarmanna var þá farið og við hvaða kjör og aðbúnað þeir bjuggu. Jafnframt

langar mig til að segja frá nokkrum smá-
atvikum úr verslunarlífinu.

En hér er fátt um skráðar heimildir að styðjast við, lítið annað en verslunar-skýrslunar, sem þá voru miklu ófullkomnari en þær eru nú. Ég byggi aðallega á eigin sjón og reynd. Svo er nefnilega ástatt, að ég mun vera einn af þeim fáu, sem nú eru í Verslunarmannafélaginu, sem hef alið aldur minn samfleytt svo lengi hér í bæ, að ég geti af eigin lífsreynslu rætt um það hvernig hér var ástatt í þessu efni fyrir fullri hálfri öld.

Reykjavík fyrir fimmtíu árum og

Reykjavík eins og hún er nú, á ekki saman nema nafnið. Til dæmis var íbúatala rúmlega eins mörg hundruð og hún er mörg þúsund nú.¹ Á öllu ytra sniði bæjarins er orðin sú gjörbreyting, að ef maður sem dvalið hefði eða verið staddur í bænum fyrir fimmtíu árum, kæmi nú hingað aftur eftir hálftrar aldar fjarveru, mundi hann ekki þekkja sig hér. Hann mundi varla kannast við nokkurn skapaðan hlut nema Dómkirkjuna og Menntaskólann.

En hvergi held ég þó, að breytingin hafi orðið jafn áberandi eins og á þeim sviðum, sem beint eða óbeint snerta verslunarlífið eða verslunarstéttina. Það er í rauninni ekki nema eðlilegt, þegar þess er gætt, að fyrir hálfri öld, eða vel það, — ég vil ekki endilega binda mig við árið 1872, heldur í einstöku atriðum fara ofurlítið lengra aftur í tímann, — var Reykjavík, eins og aðrir verslunar- og kaupstaðir hér á landi, eins konar frumbýlingur í flestu því, er að verslun laut, sakir þess að þá voru eigi nema örfá ár liðin frá því að verslunin var gefin frjáls. Það var, eins og menn vita, fyrst með lögum frá 15. apríl 1854, að við Íslendingar fengum fullkomið verslunarfrelsi.

Þá fyrst, eða fyrir um sjötíu árum, var innanríkiskaupmönnum, það er dönskum eða íslenskum kaupmönnum, heimilt að taka utanríkisskip á leigu og nota þau við verslanir sínar á Íslandi. Og það var ekki fyrr en með lögunum frá 1854, að utanríkismönnum var leyft að sigla á löggilt kauptún á Íslandi og versla þar, með nokkrum takmörkunum þó. Til dæmis var þeim skylt að koma fyrst við í Reykjavík, Vestmannaeyjum, Stykkishólmi, Ísafirði, Akureyri eða Eskifirði.²

Þessar kvaðir komu reyndar lítið við Reykjavík. Þó má geta þess, að eigi máttu Reykjavíkurkaupmenn, fremur en kaupmenn annars staðar á landi hér, „hafa utanríkisskip 15 lesta og þaðan af minni til vörflutninga, hvorki hafna á milli á Íslandi, né milli Íslands og annarra hluta ríkisins“. Með öðrum orðum: Ætlaði kaupmaður hér í Reykjavík að senda vöruslatta, til dæmis hafna á milli hér við Faxaflóa eða lengra, þá mátti hann ekki nota til þess norsk, sænsk, ensk eða annarra landa smáskip eða þiljubáta. Þau urðu að vera íslensk, sem þýddi í raun dönsk skip, því að um íslenskan farkost var naumast að ræða, nema þau væru yfir 30 tonn að stærð.³

Það var þess vegna engin furða, þótt Reykjavík væri ekki orðin mikill verslunar-
arbær kringum 1870, samanborið við þeirra tíma verslun höfuðborganna á Norðurlöndum eða við verslun Reykjavíkurbæjar eins og hún er nú.

Sjálfsagt mundi mörgum nútímaverslunarmönnum finnast fátt um ýmislegt sem talið var gott og blessað í verslunaráttum hér í Reykjavík kringum 1870. Ég veit ekki hvernig ykkur list á, þegar ég segi ykkur frá því, að þá var ekki ein einasta búð til hér í bæ með hitunartækjum, hvorki ofni né öðrum hitagjafa. Þá var enginn búðargluggi til, ekki einn einasti, þar sem varningur væri hafður til sýnis. Auglýsingar sáust aldrei, hvorki í blaði né annars staðar, þar sem kaupmenn gæfu til kynna að þeir hefðu varning til sölu.


Það liggur í hlutarins eðli, að ummál verslunarsvæðisins var margfalt minna fyrir fullri hálfri öld en það er nú. Fyrst er þess að geta, að hin eiginlega verslunar-



Hafnarstræti um aldamótin 1900. Fremst, vinstra megin á götunni, sjást verslunarhús Brydes, sem nú eru í eigu hlutafélagsins O. Johnson & Kaaber. Næst sér á gaflinn á vöruskemmu, sem talið er að reist hafi verið fyrir Knudtzonsverslun. Þar stendur nú stórhýsi Eimskipafélags Íslands Austast örlar á þakinu á aðalverslunarhúsi Thomsensmagasins. Næst því er Smithsbúð, þar sem nú eru til húsa ýmsar verslanir, þar á meðal Ritfangaverslunin Penninn. Við hliðina á henni sést í Möllersbúð, þar sem Hótel Alexandra var um eitt skeið. Þetta hús stendur enn. Þar næst er barnaskólinn, sem hlaðinn var upp úr afgangsrjóti frá Alþingishúsinu. Þar var síðar fyrsta Landssímastöðin og lengi aðallögreglustöð bæjarins. Vestan barnaskólans og núverandi Pósthússtrætis, er P.C. Knudtzonsverslun þar sem viðbygging Landsbankahússins er nú. Næst við hana var Robbsverslun, þar sem stórhýsi Gunnars Gunnarssonar reis síðar. Þá koma hin svonefndu Randersku hús. Hannes St. Johnsen eignaðist þau og verslaði þar um árabil. Nú er þar önnur bókaerslun Snæbjarnar Jónssonar & Co. Loks koma hvert af öðru tvö verslunarhús N. Chr. Havsteens og, yst til hægri á myndinni, hin svonefnda Norska verslun þar sem áður var Stýri-mannshúsið.

eða kaupmennskulóð var samkvæmt lög-
um mjög takmörkuð. Það var í rauninni
lítið annað en sjálfur miðbærinn eða bæj-
arkvosin þar sem leyfilegt var að reisa
verslunarhús. Þessu var síðan smábreytt

með lögum. Þörfin réð auðvitað mestu
um stærð verslunarlóðarinnar. Það var
engin þörf fyrir verslunarlóðir, til dæmis
við Hverfisgötu, Laugaveg eða Vestur-
götu, þegar enginn þessara vega var til, að



Siemensverslun við Lækinn. Carl Franz Siemsen kaupmaður lét reisa hús þetta árið 1844. Það var rífið fyrir nokkrum árum og er þar nú ein af bensínafgreiðslum Ólíufélagsins. Lengst til hægri sést kalkofninn sem Kalkofnsvegur er kenndur við.

ég tali nú ekki um enn nýrri götur og vegi.
En svo var nú ástatt um 1870, og jafnvel
nokkru lengur, að enginn lagður vegur
var til upp úr bænum eða austur úr hon-
um, annar en Bakarastígurinn, sem svo
var nefndur, nú Bankastræti, frá læknum
— við enda Austurstrætis — og þangað
sem Laugavegurinn byrjar nú. Þar tóku
við traðir eða troðnar götur eins og í sveit,
inn að Helgastöðum og áfram.⁴⁾ Við enda
Bakarastígsins kom svo Skólavörðustíg-
urinn.

Fyrir réttum fimmtíu árum, um 1870,
voru tólf starfandi kaupmenn taldir vera í

bænum, þar af átta innlendir og fjórir út-
lendir. Þá voru því nær allar verslanir
bæjarins í Hafnarstræti, sem nú heitir
svo, en þá var kallað Strandgata. Hún var
þá miklu óreglulegri í lögun en nú er. Til
dæmis var þá ekkert „fortón“ eða gang-
stétt sunnantil í götunni, hún öll í hlykkj-
um, húsinn allt annað en skipuleg og náðu
misjafnlega langt út í götuna. Strand-
gatan náði vestur fyrir „Grófina“.

Fiskreitir voru meðfram allri götunni
að norðanverðu, eða sjávarmegin, og
bryggjur neðan undir öllum aðalversl-
unarbúðunum, Siemsenbryggja, Thom-



Thomsens-magasín og Smithsbúð. Fyrir framan verslunina er hópur manna, sennilega bæjarbúar að fara í skemmtiferð.

sensbryggja, Smithsbryggja og svo framvegis. Milli bryggjana var svo bátauppsátur, aðallega róðrabáta.

Austasta verslunin, næst læknum, var Carl Franz Siemensverslun, þar sem nú er verslun Jes Zimsens konsúls. Carl Franz Siensen var þýskur að uppruna, ættaður frá hertogadæminu Slesvík. Hann stundaði siglingar, kom hingað til lands og rak smáverlun hér í bænum í nokkur ár fyrir 1840. Þá fékk hann úthlutað lóð austast í Strandgötu (Hafnarstræti) og reisti þar myndarlegt íbúðar- og verslunarhús sem stendur enn. Það varð

síðar eign Jes Zimsens konsúls, sem rekið hefur þar verslun um árabíl.⁵⁾

Carl Franz Siensen hafði búsetu hér í bæ um hríð, en fluttist síðar til Hamborgar og rak verslun sína þaðan. Dvaldist hann þó hér á sumrum, en lét bróður sinn Edvard sjá um verslunina að öðru leyti. Carl Franz Siensen þótti góðlyndur maður, hæglátur og vel menntaður. Hann var mikils metinn og gegndi mörgum trúnaðarstörfum. Var meðal annars kjörinn í bæjarstjórn og átti þar sæti í nokkur ár. Hann lét almenn fjármál nokkuð til sín taka og samdi til dæmis tillögur um veð-



Strandgata (Hafnarstræti) og Langafortov (Austurstræti) séð í austur frá stórhýsinu Glasgow við Hlíðarhúsastíg (Vesturgötu). Næst er Tærgesensverslun, síðar H.P. Duus. Þetta hús stendur enn og er þar nú Veidarferaverslunin Geysir. Til vinstri er Fálkahúsið, þvert við gaflinn á húsi O. Johnson & Kaaber, sem enn er á sínum stað. Fálkahúsið er fyrir löngu horfið.

banka, sem lagðar voru fyrir Alþingi árið 1853, en þóttu að vísu ekki tímabærar eins og á stóð og hlutu því ekki hljómgrunn. Hann andaðist í Hamborg árið 1865, 53 ára að aldri.

Edvard Siensen, bróðir hans, sem einnig hafði stundað siglingar, hélt versluninni áfram eftir lát bróður síns. Hann var mjög vel látinn maður, kvæntist íslenskri konu, Sigríði Þorsteinsdóttur Bjarnasonar bónda í Bráðræði, síðar lög- regluþjóns í Reykjavík, sem var einn af merkustu borgurum þessa bæjar. Þau eignuðust nokkur börn og er allmikill og þekktur ættbálkur frá þeim kominn.

Edvard Siensen rak verslunina til árs-

ins 1878, en lét hana þá af hendi. Komst hún að lokum í eigu Jes Zimsens, eins og fyrr var frá sagt. Edvard andaðist árið 1881, 66 ára gamall.

Næst kom Thomsensverslun.⁶⁾ sunnan götunnar, en það hús er nú í eigu Guðmundar Eiríks heildsala.⁷⁾ Var þessi búð fyrir 1870 bæði svört, lítil og dimm.

Síðan kom Smithsbúð, sem Martin Smith konsúll átti.⁸⁾ Við hliðina á henni var Möllersbúð, sem var í eigu Ole Peter Möllers kaupmanns, og var líka svört og dimm.⁹⁾ Húseign þessi er nú í eigu Eyjólfssonar.¹⁰⁾ Í framhaldi af henni var P.C. Knudtzonsverslun.¹¹⁾ Sjálf sölubúðin með áföstu pakkhúsi að austanverðu,



Grófin um 1890. Myndin er tekin af skoskum lækni, Tempest Anderson að nafni. Hann var áhugamaður um jarðfræði, ferðaðist víða og tók myndir. Þær eru nú varðveittar í háskólabókasafninu í York í Yorkshire á Englandi ásamt dagbókum hans og öðrum gögnum. Til vinstri á myndinni er Sjóbúð, íbúðarhús Geirs [Jóhannessonar] Zoëga kaupmanns. Fyrir miðju er húseign Björns Kristjánssonar kaupmanns og bankastjóra, en milli húsanna sér á Hlíðarhúsastíg (Vesturgötu). Til hægri er Geirsbryggja. Ljósmynd þessi er birt með leyfi frá Ljósmyndasafninu í Reykjavík.

stóð við vesturgafinn á Ingólfshvoli,¹²⁾ en rétt fyrir vestan hana var íbúðarhús faktorsins. Þá kom Robbsverslun¹³⁾ þar fyrir vestan, á að giska við austurgafinn á húsi Gunnars Gunnarssonar.¹⁴⁾ Þar sem nú er verslun Jóns Hjartarsonar¹⁵⁾ var búð Hannesar St. Johnsen,¹⁶⁾ þá Havsteensverslun¹⁷⁾ og síðan hver af annarri, Liverpoolverslun,¹⁸⁾ þar sem þeir Sveinbjörn Jacobsen,¹⁹⁾ og Magnús Jónsson í Bráðræði versluðu.²⁰⁾ Loks kom Glasgowstórhúsið,²¹⁾ sem þá var að komast í eigu „Norska samlagsins“.²²⁾

Fyrir vestan Glasgow var engin verslun fyrir fimmtíu árum. Verslun Geirs Zoëga kaupmanns byrjaði ekki fyrr en allmörgum árum síðar.²³⁾

Flestum þessum verslunum fylgdu miklar og stórar lóðir, auk stakkstæða og fjöruréttinda fyrir bryggjur. Einkum átti þetta við um stærri verslanirnar gömlu, svo sem Siemensverslun, sem nú á líklega stærstu verslunarlóðina hér í bænum, Knudtzonsverslun og Havsteensverslun. Fischersverslun,²⁴⁾ nú H.P. Duus²⁵⁾, var í rauninni samsteypa úr þremur lóðum.

Auk verslananna í Strandgötu voru fyrir rúmum fimmtíu árum örfáar smábúðir annars staðar í bænum, þar á meðal Waagesbúð²⁶⁾ á horninu á Strandgötu og Aðalstræti þar sem Matthias Johannesen²⁷⁾ verslaði síðar. Þar er nú pakkhús. Verslun Jóhanns heitins Heilmanns²⁸⁾ var austanvert við Aðalstræti, þar sem nú er suðurendinn á Hótel Ísland. Þar var einnig búð Einarssonar „stutta“,²⁹⁾ sem síðar varð eign Hlutaveltufélagsins, og þá var í daglegu tali kölluð „Veltan“.³⁰⁾ Síðan kom Lambertsensverslun,³¹⁾ þar sem Ísafoldarprentsmiðja stendur nú. Fyrir ofan læk var engin verslun fyrir 1870.

Flest voru verslunarhúsin í gamla daga fremur ósjáleg og lítið tignarleg útlits. Yfirleitt voru þau tjörguð, því að tjara var aðalmálningin á þeim tímum. Einstöku búðir voru þó málaðar með gulum eða rauðleitum farfa á hliðum og göflum. Skífuþak var á einstaka húsi, en annars var tjargað timburþak. Bárújárn þekktist ekki hér í bænum fyrr en síðar. Mun fyrst hafa verið notað af Geir sáluga Zoëga á þakið á „Sjóbúð“, en svo var íbúðarhús hans kallað, þegar hann byggði ofan á það laust fyrir 1880.³²⁾

Fremur var lágt undir loft í verslunar-búðunum. Gluggar voru heldur litlir og eigi of margir. Rúður voru smáar, einkum í pakkhúsunum. Var því oft fremur skuggsýnt innanhúss, til dæmis í skammdegisbyljum og hlákum eða þegar gluggar voru alhrímaðir í miklum frostum. Alls staðar var ofnlaust, eins og ég hef getið um áður, nema í sjálfum skrifstofunum eða „kontórunum“ eins og þær voru kallaðar. Þar var auðvitað óhjákvæmilegt

að hafa hitunartæki. Ofnar í sölubúðirnar munu hvergi hafa verið settir fyrr en um eða eftir 1880.

Það kom fyrir að svo kalt var í búðunum að vetrarlagi að blek fraus í byttunum. Varð þá sá eða þeir sem stóðu við „kladdann“ í búðinni annaðhvort að skrifa með blýanti eða að hafa blekbyttuna í vasanum með tappa í til að halda því þýðu. Urðu menn þá að taka byttuna úr vasanum og kippa tappanum úr þegar dýfa þurfti pennanum í. En „kladdinn“, eins og hann var kallaður, var eins konar frumbók, sem síðan var færð inn í aðrar bækur. Var óhjákvæmilegt að færa hann, því að hér um bil öll verslun fór þannig fram, að allt var tekið í reikning.

Oft urðu afgreiðslumennirnir í búðunum að klæðast yfirfrökkum eða þykkum skjólúlpum að vetrarlagi og stundum urðu þeir að hafa trefla um hálsinn og jafnvel vettlinga á höndum.

Þannig man ég t.d. eftir búðarmanni einum í Knudtzonsverslun sem var með „róna“ sjóvettlinga á höndum í búðinni í aftaka frostum.

Engin búð er nú lengur til óbreytt hér í bæ eins og þær voru fyrir hálfri öld eða neitt þvilíkt. Það væri þá helst H.P. Duusverslun eða ef til vill Zimsensbúð í Hafnarstræti, sem gætu minnt á þær. Annars er það líka einkennilegt, að engin þessara gömlu verslana hafa gengið í erfðir, ef frá eru taldar brauðgerðarbúðir, til dæmis Bernhöftsbakarí.

Eins og kunnugt er var mynteining sú, krónur og aurar, sem við nú höfum, ekki til fyrir fimmtíu árum. Peningalögin sem breyttu ríkisdölu og skildingunum gömlu í krónur og aura eru að vísu dag-



Bryggjuhúsið, þar sem nú er Verzlun Álafoss. Það var reist 1863 og hét sá Koch er það lét gera. Hann gerðist síðar aðalforstjóri Sameinaða gufuskipafélagsins í Kaupmannahöfn. Húsið var um skeið eign þess félags, en komst síðar í eigu H.P. Duusverslunar. Það stendur enn, eins og áður segir, þó mikið breytt.

sett litlu síðar, eða 23. maí 1873, en komu ekki til framkvæmda í reikningsfærslu fyrr en 1. janúar 1875, en smápeningarnir gömlu, mörk og skildingar, gengu ekki alveg úr gildi fyrr en löngu síðar. Sökum þess hversu myntbreyting þessi fór „ofan garðs og neðan“ hjá mörgum landanum varð að margframlengja innlausnarfrestinn. Nýja myntin sást fyrst hér á landi þjóðhátíðarárið 1874.

Gamla myntin var miklu óþægilegri og

flóknari í allri reikningsfærslu. Myntfóturinn var þá silfur en ekki gull, enda var það ekki lögleitt fyrr en með nýju peningalögunum. Stærsti peningurinn var spésia eða tvídalur, sama sem tveir ríkisdalir og jafngilti 4 krónum nú. Næst kom einn ríkisdalur, sem samsvaraði tveim krónum. Hann skiptist í sex ríkismörk eða 96 skilinga, því að 16 skildingar voru í hverju marki. Ríkisdalurinn skiptist líka í fjögur ríkisort og voru 24 skildingar í

hverju þeirra. Ofurlítið var í umferð af dönskum þjóðbankaseðlum, sem hljóðu á ríkisdali, en ekki verður sagt að þeir gengju almennt manna á milli. Um íslenska seðla var þá ekki að ræða. Yfirleitt má segja að peningavelta hafi verið mjög lítil hér í Reykjavík fyrir fimmtíu árum og enn minni annars staðar. Einstaka ríkismenn geymdu spesiur, ríkisdali eða þriggja marka mynt í kistuhandröðum eða sjóvettlingum, en annars voru það nær eingöngu, eða mestmegnis, smápeningar sem sáust manna á milli, en það voru fyrst og fremst 2 mörk, 1 mark, 8, 4, og 3 skildingar úr silfri, þá 2, 1, 1/2, og 1/5 skildingur úr eiri og loks 1 skildingur og 1/2 skildingur úr kopar. Mest bar á 1 marki, 8, 4, og 1 skilingi.

Vog og mælir var að ýmsu leyti öðruvísi en nú tíðkast. Þá var lítið talað um „tonn“. Kornvara var ávallt miðuð við mæli en ekki þyngd. Rætt var um tunnur, skeppur, en sjaldan sekki. Sama máli gegndi um salt. Aftur á móti voru kol oftast talin í skippundum, lísipundum og pundum. Eins var um fisk. Smærri vörur og léttari voru jafnan taldar í pundum og lóðum. Kílógrömm heyrði maður aldrei nefnd á nafn. Ekki heldur metra. Aftur á móti var allt talið í álnum og þumlungum. Lagarmál var pottur, sem skiptist í fjóra pela. Talað var um heilan, hálfan og kvartpela, en lítrar heyrðust aldrei nefndir.

Vörur þær sem verslað var með voru auðvitað margar hinar sömu og nú eru, en fjölbreytni var vitanlega hvergi nærri eins mikil. Kornvörur voru stærsti liðurinn. Af þeim fór mest fyrir ómóluðum rúgi, enda sú tegundin sem lang mest gætti.

Næst kom bankabygg, einnig ómalað, og rúgmjöl, síðan baunir, einkum gular og óklofnar. Loks ofurlítið af byggi og höfrum. Korníð, einkum rúgurinn og banka-byggið, var ekki alltaf flutt sekkjað hingað til landsins, heldur var það haft laust í lestarrými kaupfaranna, sem fluttu það hingað. Allir stærri kaupmenn höfðu sín eigin skip, sem þeir sumpart áttu sjálfir eða höfðu á leigu, oftast um sumartímann. Stundum slógu tveir eða þrír kaupmenn sér saman um að „fragta“ skip.

Ofan í kornbingina í skipslestinni var síðan stungið ýmsum lausavörum, til dæmis hvítasykurstoppum, pottum og kötlum, sem þá voru fylltir korni eða öðru. Þessi hleðslumáti skipanna var afar hagkvæmur. Þannig voru allar holur fylltar og ekkert lestarrými fór til ónýtis.

Þegar kornið var flutt í land var það gjört á þann hátt að ausa því upp í stóra poka, og á að giska hálf tunna látin í hvern. Síðan var snúið upp á pokaopið og hann halaður niður í uppskipunarbátinn, sem flutti kornið að bryggjunni. Þar var kornpokunum lyft á herðarnar á einhverri eyrarvinnustúlkunni — stundum karlmanni — sem síðan bar þá oft alla leið upp á pakkhúslöft, þar sem hvolft var úr þeim í sérstakan kornbás eða kornstíu. Úr stíunni gekk trérenna sem greipt var trélok fyrir. Var þetta trélok tekið frá og kornið látið renna ofan í háltunnu- eða skeppumálið þegar mælt var handa viðskiptamönnum.

Oft vildi hitna í kornbingjunum, og stundum var talað um maðkað korn. Þurfti einatt að hreyfa kornið, moka því til eða „sturta því“ eins og kallað var.

Þetta átti við jafnt um rúg sem bankabygg og baunir.

Orsökina til þess að svo miklu meira var flutt inn af rúgi en rúgmjöli var sú, að hér um bil allir möluðu sjálfir rúgin til heimilisnotkunar. Rúgmjölið sem flutt var hingað fór fyrst og fremst í bakaríin til brauðgerðar. Þá voru tvær kornmyllur starfræktar hér í Reykjavík.

Talsvert var flutt inn af hveitibrauði alls konar, kexi, kringlum eða haglda-brauði, tvíbökum og fleira og svartabrauði, eins konar skonroki.

Þá var einnig flutt inn talsvert mikið af kaffi, einkum tegundirnar Cikorie og Lövetand. Svokallað Export var þá varla komið til sögunnar og Ludvig David þekktu fáir eða engir hér.

Ýmsar tegundir af sykri fluttust til landsins, en þó hvergi nærri eins mikið og nú. Eru nú rétt 150 ár liðin síðan innflutningur á kaffi og sykri hófst. Herma skýrslur að þá hafi verið flutt inn 110 pund af kaffi og 600 pund af sykri.

Um miðja öldina sem leið og lengur var talsvert af sírópi keypt til landsins. Var það notað sem eins konar viðbit.

Þá er komið að vínföngunum. Það var ekkert smáræði sem flutt var inn af alls kyns tegundum áfengis, einkum brennivíni, fyrir hálfri öld, enda var þá ekkert góðtemplarafélag til hér á landi. Bakkus var þá ekki eins „úthrópaður“ eins og nú er, og vínið þótti til „ýmissa hluta nyt-samlegt“, bæði fyrir kaupmannastéttina og viðskiptamenn hennar.

Í fyrsta lagi var nú það, að sölubúðirnar voru í þá daga eins konar opinber veitingahús, þar sem menn gátu keypt sér í staupinu og drukkið við búðarborðið eftir

því sem þeir óskuðu, enda voru sölubúðirnar þá í raun og veru almennir samkomustaðir, einkum fyrir slæpingja og þess konar lýð, sem oft þurfti annað hvort að mýkja eða herða skapið með til dæmis hálpela, kvartpela eða „púnsstauti“, en það var smæsti skammturinn.


Í þá daga voru vinstaupagjafir mjög „móðins“, til dæmis „saltstaupið“, „innlagningarstaupið“, „ferðapelarnir“ og „jólapelarnir“, sem stundum þurfti að bæta á í tilefni af gamlárskvöldi og þrettánda.

Vínföng voru mjög ódýr um þessar mundir, því að tollar af áfengi komu ekki fyrr en 1872, samkvæmt tilskipun frá 26. febrúar 1871 um gjald af brennivíni og öðrum áfengum drykkjum. Voru þessir tollar í upphafi mjög lágir.

Eina vörutegund vil ég nefna, sem nokkuð kvað að í innflutningi fyrir fimm-tíu árum, en er nú því miður, liggur mér við að segja, alveg úr sögunni. Þetta er hampur. Af þessari vöru var flutt til Reykjavíkur um þrjátíu þúsund pund árið 1873. Talsvert var þá að vísu farið að flytja inn af unninni hampvöru, til dæmis seglgarni, færum og köðlum, en ekkert svipað því sem nú er. Þá sáu menn betur en nú, að hollara var að flytja inn hráefnið og vinna sjálfir úr því færi sín. Nú hrópa menn bara á hækkun á vinnulaunum og kalla á hjálp vegna atvinnuleysis og annarra vandræða.

Innflutningur á vefnaðarvöru var á þessum tíma mældur í álnum, og voru hinar helstu klæði, léreft, dúkur, sirs, stumpasirs, sem oft var selt í pundum, og boldang.

Af silkivarningi var naumast um annað



Strandgata, síðar Hafnarstræti. Þetta mun vera ein elsta ljósmynd sem tekin hefur verið utanhúss í Reykjavík. Jón Helgason biskup telur hana tekna um 1862. Til vinstri á myndinni sést svonefnt Faneyjar- eða Jóska hús, sem síðar hét Hótel Alexandra. Næst því er gamli barnaskólinn, þá Knudtzonsverslun og Robbsverslun. Síðan verslun Hannesar St. Johnsen, Havsteensverslun og Stýrimannshúsið, þar sem Norska verslunin var til húsa. Fyrir enda götunnar er hús sem danskur kaupmaður, Robert Peter Tærgesen, byggði 1855. Þetta hús stendur enn. Parna var H.P. Duus- verslun lengi, en nú er þar Veidarfæraverslunin Geysir, eins og áður var sagt frá. Til hægri er myndarlegt vörugeymsluhús, sem Knudtzonsverslun mun hafa reist. Þar stendur nú skrifstofuhús Eimskipafélags Íslands sem byggt var á árunum 1919 til 1921. Við gasl pakkhússins djarfar fyrir Sjöbúð Geirs Zoëga útgerðarmanns.

að ræða en silkiklúta, helst rósotta. Á verslunarskýrslum ársins 1873 má sjá, að þá hafi verið fluttir 246 silkiklútar til Reykjavíkur.

Talsvert var flutt inn af ósútuðum skinnnum, sem þó hefur oft verið bannað vegna sýkingarhættu. Þessi skinn voru

brúkuð til skófatnaðar á íslenska vísu, íslenskir leðurskór eða sauðskinnsskór. Einnig var nokkuð flutt inn af sútuðum skinnnum, aðallega handa skósmiðum.

Eftirtektarvert er það, að í verslunarskýrslum frá 1870 og þar um bil, er ekki getið um neinn innflutning á tilbúnum

skófatnaði, enda mun þá ekki hafa verið byrjað að flytja inn slíkan varning, svo heitið gæti, nema tréskó, svonefnda „klossa“. Þá brúkuðu margir hér í Reykjavík, bæði ungir og gamlir, einkum þegar foræði var og rigningar gengu. Höfðu menn þá einatt íslenska skó innan undir og notuðu klossana eins og nokkurs konar skóhlífar. Stígvél voru þá mjög lítið notuð af öllum almenningi, margt gamalt fólk hafði aldrei eignast eða sett upp slíkan skófatnað á ævi sinni. Fjöldi unglunga fór ekki í stígvél fyrr en á fermingardaginn og sumir enn síðar.

Líkt var um innflutning á „líntau“, jafnvel vasaklútum. Alpýðumenn sáust aldrei með líntau, nema ef til vill við alveg sérstök hátíðleg tækifæri. Þá var kannski pappírslíbbi helsta stássið. Í stað vasaklúta voru berir fingurnir oft notaðir.

Mikið var flutt inn af tóbaki, aðallega rjólí og rullu, nokkuð af vindlum, en sígarettur voru þá óþekkt vara á landi hér.

Af kartöflum voru aðeins keyptar til landsins á að giska 40 [tunnur?] á ári til Reykjavíkur fyrir hálfri öld.

Konfekt þekktist ekki, mjög lítið var um niðursoðin matvæli. Epli og aldini var ofurlítið um. Helst sást hér brjóstsykur — slæmur — svo og gráfíkjur og rúsínur.

Ýmislegt fleira mætti upp telja, ef tími væri til.

Íslenskar vörur sem aftur á móti voru lagðar inn til kaupmanna og verslað með, voru þá líkt og nú, aðallega saltfiskur, hrogn og lýsi frá sjávarútvegsmönnum og ull, kjöt og tólg frá sveitabændum. Margar fleiri útflutningsvörur mætti nefna, sem nú eru meira og minna horfnar, svo sem harðfisk (þorsk), saltaðan lax, út-

flutningur um 30 þúsund pund árið 1873, lambaskinn, tófuskinn og bein, en af þeim var flutt út um 40 þúsund pund á þessu sama ári.

Útflutningur á prjónlesi, svo sem sokkum, vettlingum og þess háttar varningi, sem mikið var fluttur út af Norðurlandi fyrir hálfri öld, var þá svo til úr sögunni hér í Reykjavík.

Miklu meira var um vöruskiptaverslun í Reykjavík en nú er. Í rauninni var öll verslun á þessu tímabili eins konar „Tuskhandel“³³⁾ eins og þá var sagt. Þetta átti við bæði milli kaupmanna annars vegar og sveitabænda og sjávarbænda hins vegar, og eins milli sveitabænda og kaupstaðarbúa innbyrðis, enda voru þá engar búðir til í Reykjavík, sem versluðu sérstaklega með íslenskar afurðir.

Á þessum árum var enginn almennur tollur lagður á vörur sem fluttar voru til landsins frá útlöndum. Það var ekki fyrr en árið 1872 að brennivinstollinum var komið á, eins og ég sagði hér áður. Um útflutningstolla var ekki heldur að ræða. Það voru að vísu til svonefnd lestartargjöld af skipum sem hingað sigldu og ákveðin voru með lögum frá 15. apríl 1874, tveir ríkisdalir af hverri lest. Um þetta gjald munaði ekkert að því er smávarning varðaði. Hins vegar gætti hans svolítið meira þegar um nauðsynjavöru var að ræða. Þetta gjald var því mjög óvinsælt og var afnumið með lögum frá 7. nóvember 1879.

Ég drap á það áður, að konur voru látnar bera hálfunnupoka á bakinu. Allur vinnumáti við verslanirnar hér var ógurlega frumstæður fyrir hálfri öld og jafnvel þótt skemur sé farið aftur í tím-



Nokkrar uppskipunarbyggjur í fjörunni í Reykjavík um miðja síðustu öld. Fremst á myndinni er Siemensbyggja, þá Bæjarbyggja, norður af núverandi Pósthússtræti, þar sem Steinbyggjan kom síðar. Næst kemur Knudzonsbyggja og loks Duusbryggja fyrir framan Bryggjuhásið. Lengst til hægri sést stórhýsið Glasgow og Sjöbúð.

ann. Þá voru hér engar akbrautir til, nema hjá Glasgowverslun, engar kerrur né vagnar svo heitið gæti, að ég tali nú ekki um bíla. Flutningatakin voru bakið á kvenfólkinu og körlunum, svo og handbörur fyrir tvo menn, sem nú sjást varla lengur. Svo voru hjólbörur, sem einn maður gat ekið smávörum í. Hjólbörur sjást enn hér á götunum.

Oft var varningur halaður upp á pakkhúsloft utan að frá með „taliu“, sem svo var kölluð. Hún var fest á langtré sem gekk út um gaflinn á húsinu fyrir ofan lúgu eða hlera, sem opna mátti þegar vörur voru dregnar upp og látnar inn.

Milli skipa og lands voru vörurnar ætíð fluttar á uppskipunarbátum, sem stöku sinnum var siglt, en venjulega þó róið. Þá

voru engir mótorbátar til sem dregið gætu uppskipunarbátana.

Það þarf naumast að taka það fram, þið vitið það sjálfsagt öll, að mikill munur var á skipaferðum milli Reykjavíkur og útlanda fyrrum og nú. Fyrir fimmtíu árum [um 1870] gekk aðeins eitt póstgufuskip landa á mili og fór sjö, ef til vill átta, ferðir á ári. Strandsiglingar voru ekki byrjaðar, og annaðist danska póststjórnin þá póstferðirnar.

Fyrsta ferð skipsins frá Kaupmannahöfn var 1. mars ef ísinn og veður leyfðu, en síðasta ferðin héðan var venjulega seint í nóvember eða byrjun desember, eftir því hvort skipið var á undan áætlan eða ekki.

Frá nóvembermánuði og þangað til í

mars vissu því hvorki Reykvíkingar né aðrir landsmenn neitt um það hvað gerðist í heiminum, nema ef svo vildi til, sem sjaldan bar við, að eitthvert kaupfar kom að landi, oftast vegna hrakninga. Engin erlend fiskiskip stunduðu þá veiði hér við land frá því í ágúst eða september og þangað til í mars.

Það var því heldur en ekki tilhlökkun hjá okkur Reykjavíkurbúum á útmánuðum, þegar að því kom að von væri á póstskipinu. Ef einhver þóttist hafa séð til skips úti á flóanum, jafnvel þótt hann skrökvaði því, þá þustu menn í hópum upp á Hólavöllum eða upp að Skólavörðum með sjónauka, og mikil urðu vonbrigðin þegar ekkert skipið sást.

En þegar sú langþráða stund rann loksin upp, að póstskipið sæist virkilega og renndi inn á höfnina, þá var uppi fótur og fit í bænum. Þá varð allt í einu reglulegur hátíðarblær yfir öllu. Væri þetta fyrri hluta dags var öllum skólum gefið frí. Allir þustu niður að ströndinni og út á bryggjur til að sjá og heyra hvaða farþegar væru með skipinu og hvað væri í fréttum. Og svo vildu menn reyna að fá sem fyrst bréf úr póstinum. Þá var enginn bréfburður og engin pósthólf. Svo vill til að um þessar mundir eru rétt fimmtíu ár liðin síðan póststofa var sett á stofn hér í Reykjavík. Það var gert með tilskipun frá 26. febrúar 1872, og um leið var skipaður sérstakur póstmeistari. Loks þurfti að grennslast eftir því hvaða vörur væru með skipinu til kaupmanna, til dæmis kaffi, sykur og brennivín, sem oft var þá orðin þurrð á.

Aumingja farþegarnir, sem voru með skipinu, áttu ekki sjö dagana sæla. Þeir

komust ekki upp bryggjurnar fyrir fólksþyrpingu. Allir þurftu að spyrja þá fréttu og kyssa þá „í dagsbirtunni“. Kossasiðurinn var þá miklu útbreiddari en nú.

Mörg fregnin og ófáar sögurnar bárust eins og eldur í sinu um bæinn. Og oft vildu þær heldur aukast í meðförunum, einkum í kaffiboðunum, sem alltaf fylgdu í kjölfarið á póstskipakomunum.

Ég man til dæmis eftir því, að veturinn eða vorið 1871, þegar fransk-þýska stríðinu var að ljúka og Frakkar höfðu gefist upp eftir umsátrið um París, var haft eftir einni kaupmannsfrúnni, að fjöldi Parísarbúa hefði lagt sér rottur til munns til þess að seðja hungur sitt, vegna matarskorts. Þetta mun hafa verið rétt. En svo var því líka bætt við, að rotturnar, sem einnig voru svangar, hefðu étið mikinn fjölda Parísarbúa, sem verið hefðu svo magnþrota, að þeir gátu ekki varað sig á rottunum. „Og svei mér ef ég lýg“, sagði sú, sem hafði þetta eftir kaupmannsfrúnni.

Fyrstu seglskipin eða kaupförin lögðu venjulega á stað frá Kaupmannahöfn hingað til Reykjavíkur um 1. apríl. Þó kom fyrir að einstaka skip lagði af stað í marsmánuði, því að vont var að koma að landi þar sem engir vitar voru.

Oft fóru skipin aftur, þegar búið var að afferma þau, eina eða tvær ferðir til Bretlands til þess að sækja salt eða kol, því að slíkar vörur voru þá sjaldnast fluttar með gufuskipun.

Stundum voru skipin notuð í „spekúlantstúra“³⁴⁾ eða þau lágu hér kyrr og biðu fram á sumar eftir ull eða fiski kaupmanna.

Ein verslun var þó hér, sem stundum lét skip sín vera í förum hér við land svo að

segja allt árið. Það var P.C. Knudtzonsverslun. Hún lét þau aðallega flytja saltfisk til Spánar frá verslunum sínum í Reykjavík, Hafnarfirði og Keflavík. Voru slíkar haust- og vetrarferðir á svona smáseglskipum oft hinar mestu háska- og svaðilfarir, enda týndust flest af skipum verslunarinnar smám saman í þessum ferðum, og lét þar margur vaskur maðurinn líf sitt.

Yfirleitt fóru kaupför héðan alfarin fyrir ágústmánaðarlok, einkum þau skip sem til Kaupmannahafnar áttu að fara, og fluttu þangað aðallega ull, fisk nr. 2,³⁵⁾ lýsi og ýmiss konar smávarning. Öðru máli var að gegna um skip sem flytja áttu fisk til Spánar. Þangað voru ferðirnar ekki eins reglubundnar, enda sendu Spánverjar oft sjálfir skip eftir fiskinum í þá daga.

Mikill munur er á því, hvernig utanbæjarmenn höguðu verslunarviðskiptum við Reykjavík fyrrum og nú. Þá voru engar strandferðir og vörsala héðan til annarra landsfjórðunga því óhugsandi nema í „spekúlantferðum“. Aftur á móti sóttu þá margir verslun hingað af Suðurlandi, sem gera það ekki lengur. Fyrir hálfri öld, 1870, var til dæmis engin föst verslun í Borgarnesi. Á Akranesi var aðeins ein smáverlun, sem naumast reis undir nafni. Í Vestur-Skaftafellssýslu, Rangárvallasýslu, Árnessýslu og Gullbringu- og Kjósarsýslum var aðeins ein búð, Lefoliisverslun á Eyrarbakka auk einnar borgaraverslunar sem þar var, og búðanna í Hafnarfirði og Keflavík. Það var því eðlilegt að allar þessar sýslur sæktu verslun sína að meira eða minna leyti til Reykjavíkur.

Versluninni við Mýra- og Borgarfjarðarsýslur var aðallega þannig háttáð, að allar stærri verslanirnar í Reykjavík, Knudtzonsverslun, Havsteensverslun og Fischersverslun, sendu vöruskip spekulantsskip, venjulega seint í júní eða í síðasta lagi um mánaðarmótin júní og júlí, með kornmat og aðrar nauðsynjavörur til viðskiptamanna sinna þar. Þessar ferðir voru kallaðar „spekulantstúrar“. Fóru skipin í Borgarnes, „Brákarpollur“ kallaður í gamla daga, á Straumfjörð og stundum, einkum áður fyrri, á Akranes. Lágu þau lengri eða skemmri tíma, sjaldan þó meira en tvær til þrjár vikur, og seldu eða afhentu þar vörur sínar, en tóku svo íslenskan varning, einkum ull, tólg, smjör, skinn og fleira í staðinn.

Búð var innréttuð í lest skipanna og einn, tveir eða þrír verslunarmenn sendir með hverju þeirra. Var stundum unnið að verslun og vöruafgreiðslu á „spekulantskipunum“ svo að segja dag og nótt, því að oft sóttu margir að í einu. Samt þótti ungum verslunarmönnum það mikið „sport“ og mikil tilbreytni að fara í slíka „spekulantstúra“, enda gat lífið oft verið ótrúlega frjálst og skemmtilegt í þessum ferðum. Og oftast var hinum svonefndu spekulöntum tekið eins og stórmönnum.

Venjulega var vandað valið á verslunarmönnum í slíkar ferðir, því að mikið var undir þeim komið. Ekki var síminn til-tækur ef eitthvað bar út af.

Þá var einnig oft sent í slíka „spekulantstúra“ á hafnir og vikur hér suður með sjó, en íslenskar vörur sem þangað voru sóttar voru aðallega saltfiskur, lýsi, hrogn og sundmagi.

Ein verslun í Reykjavík, Smithsverslun,



*Enska verslunin, fyrirtæki William Spence Paterson, sem var breskur konsúll. Að líkindum sá sem stendur við dyrnar. Áður verslun Þorláks O. Johnson. Til vinstri sér á vesturgöfl Knudtzons-
verslunar, en á hægri hönd er austurendi Randerska hússins.*

sendi á hverju sumri „spekúlantsskip“ til Vestfjarða eða nánar til tekið Breiðafjarðar, Patreksfjarðar og Dýrafjarðar. Hafði Smith sjálfur á sínum tíma verið við verslun á Breiðafirði á yngri árum og líklega flust þangað frá Danmörku og kvæntist þar.

Ég minnst þess að Fischer kaupmaður sendi eitt eða tvö sumur „spekúlantsskip“ til Norðurlands, Húsavíkur og hafna þar í grennd. Í þessar löngu „spekúlantsferðir“ fóru skipin venjulega fyrri hluta júnímánaðar og komu ekki aftur fyrr en um miðjan ágúst.

Oft kom fyrir að erlendir lausakaupmenn komu til Reykjavíkur í eins konar „spekúlationstúra“. Viðskipti Gramsfeðganna, þeirra er seinna reistu fasta verslun á Þingeyri við Dýrafjörð, byrjaði með lausakaupmennsku, fyrst í Reykjavík en síðar á Vestfjörðum.

Einkum voru það þó Norðmenn sem komu hingað til Reykjavíkur á sumrum með trjáviðarfarma til lausasölu. Þá var engin timburverslun í Reykjavík og allur trjáviður, að undanskildum til dæmis svonefndum „áraplönkum“ eða „val-

borðum“, fluttur hingað með þessum hætti.

Norðmenn seldu timbur sitt hverjum sem hafa vildi, annaðhvort frá skipum sínum eða í landi, hefðu þeir skipað upp einhverju af vörunni um stundarsakir.

Stundum keyptu kaupmenn hér í bænum stærri eða minni slatta af förmunum og seldu svo aftur. Það var ófrávíkjanleg regla og venja Norðmanna þeirra, er fyrstir komu hingað á vorin, að fullvissa menn um að það ár mundu engir Norðmenn aðrir koma hingað til timbursölu.

Mjög mikill munur var á því, miklu meiri en nú, hversu mikið var að gera í búðum eftir árstíðum. Aðalannríkistím-inn var á „lestunum“, sem svo voru kallaðar. Þá komu allir sveitamenn, bæði úr nærsveitum og austan yfir fjall, sem kallað var, hingað laust fyrir sláttinn til þess að leggja inn ull sína.

Þessar ullarlestir byrjuðu að jafnaði — þótt nokkuð færi eftir tíðarfari — í fyrstu viku júlímánaðar og stóðu yfir í allt að hálfan mánuð. Mest var þó aðsóknin í svo sem vikutíma og var það aðalrestavíkan. Var allt flutt á hestum, nema til dæmis af Kjalarnesi.

Það var líf og fjör í Reykjavík meðan á lestunum stóð. Austurvöllur, þá ógirtur, allur þakinn sveitamannatjöldum, þar sem menn sváfu og mötuðust. Allar götur voru fullar af hestum ferðamanna, sem annaðhvort voru að fara upp úr bænum eða á leið þangað.

Meðan sveitabændur stóðu við gættu strákar hestanna í mýrunum hér í kring, oft góð atvinna fyrir þá sem duglegir voru og þöldu vökur.

Venjulega komu bændur sjálfir „suð-

ur“, en svo var það ætíð kallað að fara til Reykjavíkur, þó að úr háaustri væri komið, með ull sína. Stöku sinnum voru konurnar með og þá uppkomnar eða hálfvaxnar dætur eða synir, stundum eitthvað af vinnukonum og ætíð einn eða tveir vinnumenn. Þá var fleira fólk í sveitunum en nú er.

Það þótti bæði skemmtun og nokkur frami, einkum fyrir unga fólk, að ferðast til Reykjavíkur og sjá fyrst framan í kaupmanninn og „assistentan“ hans og skoða síðan alla höfuðstaðardýrðina.

Þegar bóndinn var búinn að láta pakkhúsmanninn vigta ull sína og búinn var að „leggja hana inn“, eins og það var kallað, var aftur farið að taka út á hestana, aðallega kornvöru ýmiss konar, einnig eitthvað af kaffi og sykri, svolítið af vefnaðarvöru og ýmsan varning annan.

Kvenþjóðin og unga fólk, verslaði með sína vöru, dálítið af ull og fleira, því að allir áttu kindur. Þetta voru kölluð „lausakaup“, því að þetta fólk hafði engan fastan reikning hjá kaupmanni, en tók út í erlendum varningi nákvæmlega það, sem svaraði til innlendu vörunnar.

Þegar úttektinni var lokið var farið að binda upp á hestana. Venjulega var bundið í um átta fjórðunga, það er áttatíu punda bagga. Auðvitað var brennivínskútnum ekki gleymt í þessum lestarferðum. Hann þótti sjálfsagður. Venjulega bundinn ofan í milli, sem kallað. Það var þá hægara að ná í tárið ef á ferðapelanum þraut, en „ferðapelin“ var auðvitað ætíð fylltur áður en lagt var úr kaupstaðnum.

Sjaldan var þó um neitt verulegt drykkjuslark að ræða í þessum lestarferð-

um. Það bar oft meira á því á „haustlestunum“ og „Jónsmessulestunum“, sem var undanfari ullarlestanna. Þá komu menn úr austursýslunum til að sækja vermennina, tros þeirra og plögg, og svo til skreiðarkaupa, eins og það var kallað.

Á haustlestunum var einkum komið með sláturfé og þá fluttar heim aftur nauðsynjavörur til vetrarins að svo miklu leyti sem eigi var tekið nægilegt úr kaupstaðnum á ullarlestunum. Á vetrum var mjög lítið um ferðir til Reykjavíkur, helst menn með rjúpur og einstaka maður austanfjalls með hreindýr. Þá voru hreindýraveiðar dálítið stundaðar. Nú sjást hreindýr ekki syðra.

Flestir kaupmenn tóku sauðfé til slátrunar að hausti til hjá viðskiptamönnum sínum. Sumir kaupmenn sendu sjálfir menn austur í réttir til að taka fé upp í skuldir. Innmatinn úr þessu fé keyptu bæjarbúar, tóku í reikning. Kjötið fór að miklu leyti sömu leið. Úr mörnum létu kaupmenn venjulega bræða tólg, og gærurnar létu þeir salta. Gæruútflutningur var þá varla byrjaður. Skinnin voru seld í sjóklæði, það er skinnklæði eða til þess að gera úr þeim íslenska skó. Ýmsir kaupmenn létu gera kæfu úr nokkru af kjötinu og seldu hana svo smám saman á vetrum.

Nautgripasala á sumrum var öll á vegum kaupmanna. Þegar sveitabændur komu með nautgripi eða von var á nautgripum, sendi hlutáðeigandi kaupmaður út með lista, svokallaða kjötlista, til að bjóða bæjarbúum kjötið. Það var flokkað í tvær tegundir: Súpukjöt og steik, „Steg“ og „Suppekjöd“ eins og venjulega var sagt á gömlu Reykjavíkurmáli, þegar danskan sat í öndvegi.

Menn gátu skrifað sig fyrir svo og svo mörgum pundum sem þeir vildu, en urðu að tiltaka hvort þeir vildu „steik“ eða „súpukjöt“. Sjaldan var dregið úr lofinu á kjötlistunum. Skrokkar af tvítugum, horuðum beljum gátu ef til vill orðið að „fedt Oksekjöd“, „kjöti af spikfeitu geldneyti“, „ungum básgelding“ og þar fram eftir götum.

Svona voru lýsingarnar venjulega. Þegar búið var að slátra og skrokkurinn var orðinn kaldur var kjötið brytjað niður og vegið í sundur, svona nokkurn veginn eftir því, sem hver hafði skrifað sig fyrir. Síðan var límdur eða nældur miði á hvert kjötstykki og krotað nafn viðtakanda og vígt kjötsins. Loks var kjötið borið út um bæinn á tréhlemm. Þetta gerðu venjulega sömu strákarnir og verið höfðu með kjötlistana. Það kom fyrir að það var ekki alltaf ánægju- eða velvildarblær á andliti viðtakanda, þegar komið var með allt annað kjöt, ef til vill stórt beinstykki, því að allir höfðu skrifað sig fyrir beinlausu kjöti.

Venjulega var borgunar fyrir nautakjöt krafist í peningum. Það mátti heita, að þetta væru einu verslunarviðskiptin sem færu fram í reiðufé. Þeir sem alls engin peningaráð höfðu, gátu sjaldnast skrifað sig á kjötlista.

Ég hef lauslega vikið að því, að málið sem kaupmenn og verslunarmenn töluðu fyrir hálfri öld hafi ekki verið sem best eða hreinust íslenska. Það var síður en svo. Nokkuð fram yfir 1870 var danska eina kaupmennskuritmálið. Allar verslunarbækur og allir „afreikningar“ voru skrifaðir á dönsku. Einnig lög „Styrktar- og hjálparsjóðs“ verslunarmanna. Dag-



Edinborgarverslun stofnuð 1895. Eigundur Bretarnir Geo Copeland og Berrie og Ásgeir Sigurðsson síðar breskur konsúll. Til vinstri sér á vesturenda Knudtzonsverslunar.

lega málið var fjarska dönskuskotið. Verslunarstjóri var „Faktor“, aðstoðarmaður „Assistent“, „Kontór“ sama og skrifstofa, „Godtgjörrelse“ þýddi uppbót eða aukagreiðsla, „Reiðari“ útgerðarmaður, „Damper“ gufuskip, „Grósséri“ stórkaupmaður, „Lagajuristi“ lögfræðingur, „Cigarar“ þýddi vindlar og þannig mætti lengi telja.

Það tíðkaðist ekki í gamla daga eins og nú að senda út reikninga til viðskiptamanna næstum daglega eða að minnsta kosti í hverjum mánuði. Slíkt tíðkaðist einkum við þá fáu menn, aðallega emb-

ættismenn í Reykjavík, sem þá voru miklu færri en nú, er höfðu svonefndar „kontrabækur“. Þessi síður mun fyrst hafa verið tekinn upp kringum 1870 við eina verslun hér í bænum, hjá Thomsen. Allir aðrir viðskiptamenn eða reikningsmenn fengu ekki reikning eða „afreikning“, nema einu sinni á ári, venjulega seint eða síðast á vetrinum.

Ástæðan til þess að reikningarnir voru oftast svona seint á ferðinni var sú, að ekki var alltént kveðið upp fast verð á innlendu aðalvörum fiski og ull, fyrr en kaupmenn voru búnir að selja þær erlend-

is. Þetta var eins konar tilraun kaupmanna til þess að koma sem mestu af hugsanlegu tapi á þessum vörum yfir á herðar viðskiptamanna og sumpart til þess að láta þá ekki fá of háa hlutdeild í hugsanlegum gróða. Stundum var þó veitt uppbót eða „Godtgjörelse“ á þessar vörur. „Lausakaupsverð“ var auðvitað gefið upp þegar lausakaupin fóru fram, þar seldi hönd hendi, þótt um „tuskhandel“ eða vöruskipti væri að ræða.

Annars mátti segja að öll viðskipti væru lánsverslun. Menn stóðu sig að vísu mjög misjafnlega í reikningum sínum hjá kaupmönnum, en á því var allt of lítill greinarmunur gerður. Það kom víst varla fyrir, svo að dæmi sé nefnt, að menn fengju vexti hjá kaupmanni af því, sem þeir áttu inni, þótt allmikið fé væri. Þeir reiknuðu skuldunautum ekki heldur neina vexti af skuldum þeirra, nema sérstaklega stæði á. En stundum voru til dæmis tómthúsmenn eða sjómenn straffaðir, ef svo má orða það, með því að úttekt þeirra var stöðvuð þangað til fór að fiskast á vertíð, einkum vetrarvertíðinni, sem var aðalvertíðin og mest valt á.

Verslunarstjóri við eina af stærri verslunum bæjarins, sem annars var duglegur og vel kynntur maður, hafði það oft fyrir venju að beita þessari aðferð.

Einu sinni sem oftast kom tómthúsmaður til hans í vertíðarbyrjun. Hafði hann fengið afsvar hjá kaupmanni á jóla- föstunni um dálítið matvörulán, en loforð um úrlausn í byrjun vertíðar.

„Hvað vilt þú nú, geyið mitt?“ spurði verslunarstjórinn. „Geyið mitt“ var orðtak hans.

Maðurinn stundi upp erindinu um lán á

nokkrum skeppum af kornvöru og bar fyrir sig loforðið á jólaföstunni.

„Hvern Fanden bruðar maður sig um loforð þegar ekkert fiskast?“ var svar verslunarstjórans.

Oftast áttu viðskipamenn kaupmanna mjög illt með að fá peninga út úr reikningum sínum svo að nokkru næmi, jafnvel þótt þeir ættu talsvert inni. Venjulega voru þá höfð einhver undanbrögð, oft mjög skringileg, til þess að sleppa með sem minnsta peningaútborgun.

Sérstaklega þótti verslunarstjóri sá sem ég nefndi áðan, og ekki „bruðaði“ sig um loforð, mjög laginn í þessum efnunum.

Einhverju sinni kom vel stæður reikningsmaður inn í búðina til hans og bað um peninga, ekki minna en tíu til tuttugu ríkisdali.

„Engir peningar til, ekki frekar en glóandi gull, geyið mitt, en ég skal samt, af því að þú átt í hlut, reyna að fara út í bæ og sjá hvað ég get drifið upp handa þér.“

Verslunarstjórinn fór svo út, en skundaði yfir til „Jörundar frænda“, sem var danskur maður³⁶) Þegar hann hafði setið þar allengi og hýrgað sig nokkuð, því að hvorki hann né aðrir höndlunarmenn voru þá bindindismenn, fór hann aftur niður í búð sína tilbærilega glaður í sinni. Þar stóð þá bóndinn enn og beið. Verslunarstjórinn var þá auðvitað alveg búinn að gleyma honum. En strax og hann kom auga á bóndann veður hann að honum og segir:

„Hérna hefur þú fimm ríkisdali, geyið mitt, en mikið er ég búinn að hafa fyrir þessu. Ég er búinn að ganga mig alveg kófsveittan, en hef ómögulega getað skrapað meira saman handa þér.“

„Alltaf eruð þér eins, blessaður maðurinn“, segir viðskiptamaðurinn og kveður svo verslunarstjórann með mestu virktum.

Einatt voru hafðir ýmsir smáprettir í frammi í viðskiptum, ekki síður af hálfu viðskiptamanna en kaupmanna. Það eimdi lengi eftir af því frá einokunartímunum, að bæði verslunarmenn og kaupmenn og eins viðskiptamenn þeirra höfðu nokkra tilhneiginu til þess að leika hvorir á aðra, og þýðing á vöruvöndun var mönnum þá lítt ljós.

Að strá svolitlu af sandi í rúgmjöl eða að dýfa ullarpoka ofan í læk svona til að drýgja eða þyngja vöruna þótti engum verulegur ósómi, heldur ofurlitill búhnykkur, sem ekki skemmdi vöruna svo að orð væri á gerandi.

Ég man til dæmis eftir einu tilfelli sem ég sá sjálfur. Bóndi austan úr Árnassýslu, hálfblendinn en héralegur þó, kom til pakkhússmannsins við Fischersverslun með helvíta mikinn tólgarskjöld, sem hann vildi fá vigtaðan og lagðan inn í reikning sinn. Skjöldurinn reyndist ótrúlega illþungur, svo að pakkhúsmanninn fór víst að gruna margt og hafði orð á því að best væri að kljúfa og sjá hvernig liti út að innan.

„Það má ómögulega gera“, sagði bóndi. „Það væri synd að fara að skemma svona fallegan tólgarskjöld.“

Þetta stælti pakkhúsmanninn upp, sem síðan lét leggja stóreflis slátursveðju á skjöldinn. En hnífurinn stóð fljótt á beini eða réttara sagt steini, því að innan í skjöldinn var greypt helvíta mikil hraunhella.

Starfi verslunarmannanna sjálfra,

kaupmanna og annarra, svo og lifernismáta þeirra, svipaði auðvitað í mörgu mjög til þess sem nú er. En þó var þar vitanlega margt sem var á allt annan veg. Yfirleitt hefur verslunarstéttin víst hvorki verið menntaðri né duglegri þá en nú. Þvert á móti. En meiri vinna var heimtuð af verslunarþjónunum, eða öllu heldur miklu lengri vinnutími. Búðir voru opnar miklu lengur fram eftir en nú. Á sumrin voru búðir yfirleitt ekki opnaðar seinna en klukkan sjö að morgni og aldrei lokað fyrr en klukkan átta, sums staðar klukkan níu. Á lestum voru búðir opnar ennþá lengri tíma daglega. Og á „helgidögum“ var oft farið í búðir inn um „bakdyrnar“ ef svo stóð á.

Á vetrum voru búðir sjaldan opnaðar síðar en á níunda tímanum. Einstöku búðir þó miklu fyrr. En í skammdeginu var víða lokað klukkan fimm til sex. Eigi var þó vinnu lokið fyrir því. Þá fóru allir á „kontórin“ til þess að skrifa „afreikninga, „conferera“, bera saman eða eitt-hvað þess háttar. Var störfum víst aldrei hætt fyrr en klukkan átta.

Þegar kveikt var í búðum eða þeim var lokað, voru hlerar settir fyrir gluggana, tréhlerar, venjulega utan frá. Þá var ekki verið að hugsa um að lýsa sem best upp. Ekki veit ég hvað menn hefðu sagt, ef til dæmis skemma hans Haralds Árnasonar³⁷) hefði allt í einu verið komin með alla ljósadýrdina. Það hefði þótt skárri „Aladínshöllin“.

Sjálfar búðirnar voru í gamla daga eins konar samkomu- eða skemmtistaðir fyrir tómthúsmenn og sjómenn. Í „rökkrinu“ sem kallað var eða áður en búðinni var lokað, voru flestar verslanir fullar, og oft

var þar margt á seyði, til dæmis ryskingar eða jafnvel slagsmál, enda var óspart kynt undir því að ota mönnum saman þegar þeir voru hálfkenndir. Alltaf var hægt að „skilja“ ef gamanið ætlaði að grána um of.

Margt „pínustaupið“ eða kvartpelann réttu búðarpiltarnir út fyrir búðarborðið, svo sem í uppörvunarskyni, til þess að gefa Pétri eða Páli „á'ann“, því að þá var leikurinn byrjaður. Brennivinstárið var ódýrt í „þann tíð“, og „glóðarauğu“ eða „blóðnasir“ voru þá miklu tíðari en nú.

Það var talið sjálfsagt, að hver búðarmaður hefði heimild til þess að gefa kunningja sínum til dæmis sykurmola, vindil eða snafs úr búðinni, auðvitað í hófi. Eins þótti sjálfsagt að borga smásendiferðir og snattferðir, hvort heldur þær voru í þágu verslunarinnar sjálfrar eða búðarmanna, með slíkum „smá-trakteringum“, en ekki í peningum.

Peningar voru að jafnaði aðeins greiddir fyrir verslunarvinnu eða fyrir að bera út kjötlista og kjöt. Þess vegna voru þetta mjög eftirspurð störf hjá okkur strákunum í gamla daga.

Þó að laun verslunarmanna væru fyrir fimmtíu árum miklu, jafnvel mörgum sinnum lægri að verðhæð en þau eru nú, mátti víst yfirleitt segja að verslunarmenn ættu þá miklu hægara en nú með að komast af með launin, samfara ýmsum hlunnindum sem verslunarstörfunum fylgdu. Þá var gífurlegur munur á verðlagi frá því sem nú er á innlendri vöru, svo og húsaleigu og öðrum lífsnauðsynjum. Í almennar skemmtanir, eins og þær eru nú, var þá engu hægt að eyða. Þær þekktust ekki. Margir verslunarmenn voru þá

vel stæðir borgarar, enda voru til dæmis verslunarstjórastörfin mjög vel launuð. Þau gátu oft vegið upp á móti allra feitustu embættum landsins, og jafnvel meira en það.

Í bæjarlífinu kvað í rauninni tiltölulega meira að verslunarmönnum í gamla daga en nú, þótt þeir séu orðnir svo margfalt fleiri. Þeir voru miklu fyrirferðarmeiri, ef ég mætti svo að orði komast. Þá þekkti líka hver maður annan hér í bæ. Þeir voru því annars vegar skoðaðir eins og nokkurs konar höfðingjar og hins vegar eins og þeir væru hálfgerðir kunningjar manna. Þetta kom til dæmis ákaflega ljóst fram í því, hversu mörgum verslunarmönnum var boðið í allar brúðkaupsveislur, en í þá daga var miklu meiri hátíðarblær yfir giftingarveislum en nú er. Ég tala nú ekki um sjálfan kaupmanninn eða verslunarstjóran við verslun þá sem brúðguminn eða faðir hans hafði reikning við. Hann var jafn sjálfsagður í veisluna og presturinn sem gifti. Þeir voru venjulega svaramenn ef föður eða feðra naut ekki við.

Varla mun nokkur sá verslunarmaður hafa verið til hér í Reykjavík í gamla daga, sem ekki ætti reiðhest, einn eða fleiri, enda var þá kostnaður við hestahald allur annar en nú er. Þá mátti fá góða reiðhesta, jafnvel bestu gæðinga, fyrir þrjátíu til fimmtíu ríkisdali eða sextíu til hundrað krónur. Afburða gæðingar fóru víst aldrei yfir eitt hundrað ríkisdali eða tvö hundruð krónur. Töðugæft hey kostaði tvö mörk lísipundið eða tvo aura pundið. Sumarhagar kostuðu sama sem ekkert og gæsla á vetrum var mjög ódýr. Stór hesthús fylgdu hverri verslun, svo þetta var allt saman mjög freistandi, enda



Húsið Hafnarstræti 16 var upphaflega byggt árið 1792. Danskur skipstjóri, Rödgaard að nafni, lét reisa það fyrir verslunarfélagið „Det fanöiske Interessentskab“. Dró það nafn sitt af þessum félagsskap og var kallað Faneyjarhús eða Jóska húsið. Það er þó þekktast undir nafninu Hótel Alexandra, sem Martinus Smith kaupmaður og konsúll stofnaði til um 1877. Þar hafa síðan ýmis fyrirtækið verið til húsa, t.d. Eimskipafélag Íslands. Þetta hús stendur enn, að visu talsvert breytt. Yst til hægri á myndinni sést nýi barnaskólinn í byggingu. Því verki lauk 1883 og hefur þessi mynd því að líkindum verið tekin árið áður.

voru aðalskemmtanir verslunarfólksins á sumrin útreiðartúrar, sem oft þóttu mjög skemmtilegir. Að ríða í réttir hér nærlendis þótti einnig mjög góð skemmtun. Kollafjarðarréttardagurinn var einn af aðalskemmtidögnum hér í Reykjavík.

Margir verslunarmenn höfðu hesta á

járnnum á vetrum og brugðu sér á bak þegar tækifæri gafst.

Stundum komu verslunarmenn hestum sínum í vetrarfóður hér í nærsveitunum. En oft gafst það ekki sem best. Menn höfðu ekki eins næma tilfinningu fyrir því þá eins og nú, hvað bjóða mátti skepunum.

Þá voru dýraverndunarfélög óþekkt. Ég man eftir tilfelli um bónda einn á Kjalarnesi, sem tekið hafði í vetrarfóður skjóttan reiðhest af einum Reykjavíkurrassistentinum. Bóndi þessi, sem var hálfgerður gleiðgosi og ekki sem allra áreiðanlegastur, hvorki í orðum né athöfnum, kom svo til Reykjavíkur eftir nýárið, meðal annars til þess að hitta assistentinn og fá hjá honum eitthvað upp í vetrarmeðgjöfina, svo að hann gæti sem best hýrgað þeim skjóttan í „útmanaðarhörkunum“, eins og hann komst að orði. Þegar assistentinn hafði bænheyrt eitthvað í þessu efni fór bóndi burt úr búðinni eitthvað út í bæinn til þess að hýrga sjálfan sig fyrir meðgjöfina, því að nokkuð löngu seinna um daginn kemur hann aftur í búðina til assistentsins, mjög vel hress, en dregur þá á eftir sér skjóttan hrosshúð og segir:

„Ég ætla annars að láta þig vita, að þeim skjóttan vildi til svolítið slys hérna í haust. Hann álpaðist ofan í mógröf, klárskrattinn. Og áður en ég komst að með bönd og menn til þess að draga hann upp úr, er hann bara búinn að kæfa sig í mógröfinni. Við hífðum klárinn auðvitað upp úr og fláðum skinnið af skrokknunum. Og hérna hefurðu nú húðina af klárgreyinu, lagsi“.

Stundum leigðu verslunarmenn hesta sína á sumrin erlendum ferðamönnum eða „reisendum“.

Stöku verslunarmenn áttu skemmtisegl-báta eða „skektur“, sem þeir notuðu á sumarkvöldum og sunnudögum þegar vel viðraði.

Á vetrum voru skemmtanir verslunarmanna og lífernibragur þeirra nokkuð mismunandi. Sumir héldu sig oft á vetrar-

kvöldum hjá „Jörundi frænda“, til dæmis við að spila billjarð, á spil og þess háttar. Svo komu toddydrykkjur verslunarmanna hver hjá öðrum og voru víst ekki svo mjög sjaldgæfar.

Opinberir dansleikir voru stundum haldnir. Þá fóru sumir ókvæntir verslunarmenn stundum á svonefnd „piuböll“ upp í Pálsbæ, vestur í Gróubæ³⁸⁾ eða brugðu sér jafnvel í einn „fjörugan vals“ upp í „Snússu“ eins og segir í Söguljóði, ljóðabréfi Kristjáns Fjallaskálds.³⁹⁾

Þar á móti bar tiltölulega lítið á andlegum hreyfingum eða menntunaráhuga hjá verslunarstéttinni hér í bæ, en auðvitað voru þar þó nokkrar heidarlegar undantekningar. Hvað framfarafyrirtæki snertir má þó til dæmis benda á „Styrktar- og sjúkrasjóð verslunarmanna“.

Íþróttir stunduðu verslunarmenn ekki heldur nærri því eins mikið og nú. Flestir þeirra voru þó skyttur allgóðar og sumir framúrskarandi, enda var þá miklu meira gert að því að skjóta fugla. Hér var gott skotfélag og voru flestir meðlimir þess verslunarmenn eða kaupmenn. Skotið var úr skothúsinu við Suðurgötu, sem enn stendur [1922] talsvert breytt, í skotpallniðri við tjörnina. Það var hundrað faðma færi. Þrisvar eða fjórum sinnum á ári var skotið um vinninga, oftast mjög eigulega hluti. „Skiveskydningar“ voru skotæfingar þessar kallaðar. En eigi voru menn þá orðnir svo miklir „alþýðuvinir“, að félaginu gæti hlotnast tignarnöfn eins og til dæmis „Manndrápsfélag“, „Morðtólasveit“ eða „Byssukjaftalið“. Það hét bara einfaldlega „Skotfélag Reykjavíkur“.

Eitt var það sem verslunarmenn gerðu

sér bæði til gagns og gamans á vorin. Þeir reru til fiskjar á kvöldin. Fiskur gekk þá oft upp á grunnið, jafnvel alveg inn á höfn. Þá gat oft komið fyrir, að menn hefðu allgóðar aukatekjur upp úr slíkum róðrum, auk „sportsins“ sem þessu var samfara. En dagnað þurfti auðvitað til þess að leggja á sig vökur við slíka skemmtan.

Ein var sú íþrótt þar sem verslunarmenn stóðu öðrum bæjarbúum síst að baki, en það voru skautahlaup. Þau iðkuðu þeir talsvert. Ég man eftir að minnsta kosti þremur eða fjórum verslunarmönnum, nú öllum látnum, sem um og eftir 1870 voru ágætir skautamenn. Þykist ég mega fullyrða, að einn af þessum mönnum hafi jafnvel verið svo snjall, að sennilega mundi enginn núlifandi skautamaður hér í bæ standa honum á sporði.

Matmálshlé fengu verslunarmenn tvisvar á dag, hálfan til heilan tíma til morgunverðar og einn klukkutíma til miðdegisverðar. Kaffi var þeim oftast sent heiman að ofan í búðirnar, bæði hádegiskaffi og eftirmiðdagskaffi. Oft gátu pakkhúsmenn eigi komist heim til máltíða, og varð þá að færa þeim matinn. Sjaldan eða jafnvel aldrei mun búðum hafa verið lokað hér í bæ meðan á máltíðum stóð eins og víða tíðkaðist í öðrum kaupúnum. Menn skiptust á til máltíða.

Auðvitað náðu þessar reglur yfirleitt ekki til kaupmannanna sjálfra eða verslunarstjóranna. Þeir voru frjálsari í öllum störfum sínum og athæfi.

Enginn kvenmaður var fastur starfsmaður við verslun fyrir fimmtíu árum. Þá komust þær ekki hærra í verslunartigninni en að bera vörupoka á bakinu eða á

handbörum eða þegar best lét að „sort-éra“ eða flokka ull, sem kallað var, á sumrin eftir að ullarlestirnar voru um garð gengnar.

Ekkert sumarfrí höfðu verslunarmenn í þá daga. Ekki veit ég hvað kaupmenn hefðu sagt, ef þjónar þeirra hefðu talið sjálfsgagt að fá allt að hálfsmánaðarfrí á hverju sumri til þess að fara í hressingar- eða skemmtitúra eitthvað upp um sveitir. Ég geri helst ráð fyrir, að þeim hefði verið vísað inn að Kleppi, ef sú myndarstofnun, sem þar er nú, hefði þá verið á fót komin. Þó hefði verið hægar að veita sumarfrí þá en nú, til dæmis í ágústmánuði.

Ekki get ég skilið svo við þessar hugleiðingar, að ég minnst eigi á eina verslunarvenju, sem var samfara og bein afleiðing af verslunarástandinu eins og það var í gamla daga. Það voru hin svonefndu „bevis“ eins og það var borið fram. Þegar einhver, hvort heldur það var karl eða kona, var sendur í búð til þess að taka eitthvað út í reikning, annaðhvort húsbónda síns eða nágranna, þurfti eðlilega eitthvert heimildarskjal eða skírteini. Til þess voru „bevisin“ brúkuð. Þeirra þurfti auðvitað ekki ævinlega við, til dæmis þegar um þekktar eða kunnar persónur var að ræða. Var þá misjafnlega gengið eftir þeim af kaupmanna hálfu. En vissara var jafnan að vera ekki „bevis“ laus ef vel átti að fara. Lítt voru menn oft fróðir um kynferði orðsins „bevis“, í fleirtölu „bevisin“.

Oft gat borið skringilega við ef „bevisin“ voru röng eða gölluð, svo að ég tali nú ekki um ef þau vantaði alveg. Ég minnst til dæmis eins atviks sem kom fyrir í Fischersbúð. Þar var þá meðal ann-

12. Sumarliðabæ 3. Desember 1862.

herra Guðm. Thorsens.

Þess er þér hafid ekki afsagt mér um að hjálpa mér um 10 Rík. í peningum. Því bið ég þú nú svo velgjörð og senda mér það nú með Mors. Sigurði á Sumarliðabæ arundi með fleitas sem ég bið þú að hjálpa mér um sem er

1/4 Póla Brennivín
1/4 Rík. Rík. Rík.
1/4 Rík. Rík.
1/4 Rík. Rík.
1/4 Rík. Rík.
1/4 Rík. Rík.

með þessum gætu og vinum þessum

Þ. Þ. Þ.

„Bevis“ gefið út á Lefoliisverslun á Eyrarbakka af Ólafi Þórðarsyni bónda í Sumarliðabæ í Holt um, Rangárvallasýslu, d. 1898, föður þeirra Jóns bankastjóra, Boga yfirkennara og þeirra systkina. Úr handritasafni Jón Pálssonar bankagjaldkera, höfundar Austantóra.

arra danskur búðarþjónn einn, skrambi geðillur og „morgengnaven“. Þangað kom dag nokkurn í búðina gömul kona, ekkja, forkunnarmikil dugnaðarkona, vel greind, en að sama skapi geðrik og fyrirferðarmikil. Hún átti heima hjá syni sínum, sem var útvegsbóndi, mjög vel stæður og átti alltaf inni í verslun sinni. Gamla konan víkur sér að þeim danska og kveðst eiga að fá eitt lísipund af kandís í reikning sonar síns.

„Har du noget Bevis?“ spyr sá danski. Hefur eflaust ekki þekkt gömlu konuna.

„Nej“, svarar sú gamla, „ég hélt ég þyrfti ekki „Bevis“, hélt að sonur minn ætti inni fyrir nokkrum sykurmolum.“

„Ja, men der skal Bevis til.“

„Og sussu nei, og ég vil hafa sykurrinn strax“. Sykur var alltaf karlkenndur í gamla daga.

„Men skaf saa Bevis, din forbandede Heks.“

Að þessum „komplimentum“ hefur þeirri gömlu þótt lítið sykurbragð, því að hún gerir sér lítið fyrir og rekur þeim danska rokna löðrung.

„Þarna hefurðu „bevisið“, bölvður apakötturinn þinn.“

Vafalaust væri mikill fróðleikur í því fölginn ef unnt væri að safna saman og vinsa úr „bevisum“ þeim, sem gefin voru út meðan lánsverslunin stóð með blóma. En um þetta verður naumast að ræða, eins og nú er komið.

Ennþá fróðlegra væri það þó, og líka miklu framkvæmanlegra, þótt mikið ómak sé og fyrirhöfn að safna eða draga saman yfirlit yfir þær margvíslegu og stórkostlegu breytingar sem orðið hafa á öllu því sem að verslunarfyrikomulaginu og viðskiptaháttum lýtur hér í bæ síðastliðna hálfra öld eða þó öllu heldur síðan 1854, að verslunin var gefin frjáls, þótt engar verulegar breytingar yrðu í þessum efnum fyrr en eftir 1874, þjóðhátíðarárið.

Vil ég vona, að einhver úr verslunarstéttinni finni köllun hjá sér til þess að innna þetta þarfa verk af hendi.

1) Íbúar í Reykjavík voru 2024 árið 1870, en 19192 árið 1922, rúmum fimmtíu árum síðar.

2) Ástæðurnar til þessara takmarkana munu m.a. hafa verið þær, að annars staðar var ekki hægt að afgreiða skipin með löglegum hætti, né gera viðeigandi heilbrigðisráðstafanir. Auk þess var ekki unnt að innheimta opinber gjöld, þar eð engin lögleg yfirvöld voru fyrir hendi á öðrum stöðum.

3) Skýringin á þessu er sú, að íslenskar verslanir

áttu yfirleitt ekki lítil skip til flutninga milli staða innanlands. Fiskiskip voru hins vegar sjaldan stærri en 10 tonn og óhæf til þessara nota. Kaupför í eigu Íslendinga voru varla minni en 50-60 tonn. Hér er að sjálfsögðu ekki um þyngdareiningu að ræða, heldur rúmtak. Ein rúmlest eða tonn er sama sem 100 ensk rúmfet eða 2,83 rúmmetrar.

4) Helgastaðir voru austarlega í Skuggahverfi, skammt frá þar sem nú er Sláturfélag Suðurlands. Á sömu slóðum var viti eða innsiglingamerki, sem Vitastígur er kenndur við. Sjá mynd bls. 88.

5) Þetta hús var upphaflega byggt árið 1844. Það var rífið á árunum 1973-1974, og er þar nú, 1983, bifreiðastæði og bensínafgreiðsla.

6) Ditlev Thomsen kaupmaður frá Slesvík, stofnaði upphaflega verslun þessa árið 1837, þegar hann keypti hið gamla útibú Bjarna riddara Sívertsen, sem var austarlega í Hafnarstræti. Hún var í áratugi ein helsta verslun bæjarins, síðast þjóðkunn undir nafninu Thomsens-magasín. Var fyrsta deildarskipta stórverslun landsins. Húseign þessi var stórhýsi á þeirra tíma mælikvarða og var síðast kennd við Hótel Heklu, sem um eitt skeið var þar til húsa. Hún var að lokum rífin árið 1961. Þar stendur nú, 1983, steinhús norðan Lækjartorgs og setur sérkennilegan hlykk á Hafnarstræti.

7) Fæddur 1892. Móðurbróðir Vigdísar Finnbogadóttur forseta Íslands. Sonur Eiríks trésmíðs Guðmundssonar frá Miðdal í Mosfellssveit og konu hans Vilborgar Guðnadóttur frá Keldum í Mosfellssveit. Hann hafði um skeið allmikil umsvif í Reykjavík, en fluttist síðar til Brasilíu og hvarf í mannhafið þar. Óvist um dánarár.

8) Martin Smith, hollenskur konsúll, d. 1884 á 71. aldursári. Hann keypti hin gömlu verslunarhús Gísla Símonarsonar árið 1850. Þau stóðu næst fyrir vestan Thomsens-magasín, nú nr. 18 við Hafnarstræti.

- 9) Ole Peter Möller kaupmaður keypti verslun sína, sem nefnd var Möllersbúð, eftir fráfall fyrri eiganda, Þorsteins Jónssonar Kúld. Þar var um skeið „Hótel Alexandra“, og stendur húsið enn. Ole Peter Möller kaupmaður andaðist árið 1878, 63 ára að aldri.
- 10) Eyjólfur Eiríksson kaupmaður, 1874–1941, var veggfóðrari að iðn, fæddur á Minni-Völlum á Landi í Rangárvallasýslu. Fluttist til Reykjavíkur 1906 og eignaðist síðar Hafnarstræti 16 og átti þar heima til æviloka. Þetta hús, þar sem „Hótel Alexandra“ var um eitt skeið, stendur enn, eins og áður var sagt, og hafa ýmsar verslanir og fyrirtæki haft þar bækkistöðvar sínar, þeirra á meðal Eimskipafélag Íslands.
- 11) Peter Christian Knudtzon hóf verslun hér í Reykjavík árið 1814 og rak hana til æviloka. Hann andaðist árið 1864, sagður 75 ára að aldri.
- 12) Ingólfshvoll, þar sem Íslandsbanki var fyrst til húsa, var byggður árið 1903. Guðjón Sigurðsson gullsmiður lét reisa stórhýsi þetta á grunni gamla Knudtzons-pakkhússins, austur af verslunarbúðinni. Ingólfshvoll brann 1915, en var endurreistur í svipaðri mynd. Húsið var rífið, þegar það þurfti að vikja fyrir nýbyggingu Landsbanka Íslands árið 1969.
- 13) Enskur maður, James Robb að nafni, frá Liverpool, stofnaði Robbsverslun. Kom til Reykjavíkur 1813 og andaðist 1846. Ekkja hans, Valgerður Ólafsdóttir, rak verslunina í skamman tíma eftir lát manns síns, en synir þeirra og eftirmenn voru Carl Ole og Hans Christian Robb.
- 14) Gunnar Gunnarsson, 1853–1929, fæddur að Kiðafelli í Kjós. Fluttist til Reykjavíkur 1880, hóf verslun í Hafnarstræti 1899 og rak hana til dauðadags. Hann reisti stórt steinsteypt verslunarhús, sem enn stendur við hliðina á „Edinborgarhúsi“, þar sem Landsbankinn og Seðlabanki Íslands eru nú til húsa.
- 15) Jón Hjartarson, 1888–1941, hóf verslun í húsinu Hafnarstræti 4, sem þá var í eigu Gunnars Þorbjarnarsonar, árið 1915. Hann flutti verslun sína síðar að Hafnarstræti 16 og verslaði þar til æviloka. Jón var bróðir Sveins M. Hjartarsonar, sem var kunnur bakarameistari á sinni tíð.
- 16) Hannes St. Johnsen, 1809–1885, sonur Steingríms Jónssonar biskups og konu hans, Valgerðar Jónsdóttur. Var við háskólanám í Kaupmannahöfn um hríð, en hélt svo heim og stundaði verslun og viðskipti til æviloka. Meðal barna hans var Steingrímur Johnsen guðfræðingur og söngkennari við Lærða skólann í Reykjavík, sjálfur annálaður söngmaður.
- 17) Niels Christian Havsteen kaupmaður rak eina stærstu og þekktustu verslun bæjarins. Hann eignaðist hið svokallaða Fálkahús 1849, lét rífa það 1868 og byggði stórt og veglegt verslunarhús í staðinn. N.C. Havsteen efnaðist vel á verslun sinni, dró sig í hlé 1855 og fól mági sínum, Christen Zimsen, rekstur hennar. Hann settist að svo búnu að í Danmörku og andaðist 1886. Havsteensverslun komst síðar í eigu J.P.T. Bryde, d. 1910. Að lokum keypti heildverslun O.Johnson & Kaaber eignina og á hana enn. Verslunarhús þetta hefur tekið nokkrum breytingum í tímanna rás, en hefur frá upphafi verið eitt fegursta og svipmesta verslunarhús bæjarins.
- 18) Liverpool var upphaflega byggt 1842, og var það Jón Markússon kaupmaður, 1803–1887, sem það gerði. Síðar reisti Sigurður Magnússon frá Bráðræði þarna stórt verslunarhús sem enn stendur. Húseign þessi skipti oft um eigendur og útlit.
- 19) Sveinbjörn Jacobsen fæddist í Reykjavík árið 1816, en óvist er um dánardægur. Hann gerðist kaupmaður í Reykjavík 1840, en varð gjaldþrota árið 1869. Sveinbjörn hafði lengst af aðsetur erlendis, en stundaði lausaukaupferðir (spekulantsverslun) hérlendis á sumrum, ýmist fyrir sjálfan sig eða aðra. Hann var um skeið verslunarstjóri Glasgowverslunar.
- 20) Magnús Jónsson í Bráðræði, 1807–1889. Fæddur á Drumboddsstöðum í Biskupstungum. Fluttist til Reykjavíkur 1861 og settist að í Bráðræði, þar sem hann bjó bú sínu til æviloka. Gerðist allumsvifamikill kaupmaður og tók nokkurn þátt í opinberum málum, sat meðal annars á Alþingi árin 1865–1867. Magnús var föðurafi Magnúsar Sigurðssonar bankastjóra Landsbankans og þeirra systkina.
- 21) Glasgow var á sínum tíma stærsta hús á Íslandi. Stórhýsi þetta byggði enskur kaupmaður, P.L. Henderson að nafni, árið 1863. Þarna bjuggu ýmsir kunnir og merkir menn, og húsið var á tímabili einn helsti samkomustaður bæjarins. Það brann til kaldra kola 18. apríl 1903.
- 22) Norska samlagið eða „Det islandske Handelssamlag“ var stofnað vorið 1870 í Bergen af norskum áhugamönnum um viðskipti við Ísland. Sjá nánar um þetta efni: Gils Guðmundsson, „Íslenska samlagið í Björgvin“. Réttur 1949, 33. árg. bls. 213-237.
- 23) Geir [Jóhannesson] Zoëga, 1836–1917, kaupmaður og umsvifamesti útgerðarmaður í Reykjavík á skútuöld. Hann stofnaði verslun þá sem við hann var kennd árið 1880. Starfaði hún til skamms tíma, en í mestum hluta þessara gömlu verslunarhúsa er nú veitingastaðurinn „Naust“.
- 24) Fischersverslun stofnaði danskur maður, Waldemar Christopher Hartvig Fischer, d. 1888, 67 ára að aldri. Verslun þessi, sem Fischerssund er kennt við, var um árabíl ein hin umsvifamesta hér í bæ. Einkasonur W. Fishers, Friðrik, rak verslunina til ársins 1904, en seldi hana þá fyrirtækinu H.P. Duus.
- 25) H.P. Duusverslun keypti Fischersverslun og húseignir hennar árið 1904 af Friðrik Fischer kaupmanni. Aðalverslunarhúsið stendur enn og er þar nú Veidarfæraverslunin Geysir.
- 26) Waagesbúð var í svokölluðu Stýrimannshúsi. Verslun þessa keypti Eggert Magnússon frá Stóru-Vogum á Vatnsleysuströnd og rak hana fram undir 1870, en varð þá gjaldþrota. Meðal barna hans var Jens B[enedikt] Waage leikari og síðar bankastjóri Íslandsbanka.
- 27) Matthias Johannessen, 1845–1900, frá Askevold, skammt frá Björgvin í Noregi kom hingað á vegum „Norska samlagsins“, sem verslaði í Stýrimannshúsinu eftir að Eggert M. Waage varð gjaldþrota 1870. Verslun þessi átti örðugt uppdráttar þar til Matthias Johannessen keypti hana. Hann var kvæntur íslenskri konu, Helgu Magneu Jónsdóttur, og voru synir þeirra Jóhannes Askevold læknir í Jógóslavíu og Haraldur sem lengi var fulltrúi hjá Landsbanka Íslands.
- 28) Jóhann Heilmann, kaupmaður í Reykjavík í fáein ár, var launsonur Johan E.W. Heilmanns, bakaraveins hjá Bernhöft og Guðrúnar Helgadóttur Bergmanns. Hann verlaði á horni Aðalstrætis og Austurstrætis, þar sem Hótel Ísland reis síðar. Nú kallast sá staður „Hallærisplan“.
- 29) Einar Bjarnason verslaði í Aðalstræti í húsi Sveinbjarnar Egilssonar rektors á árunum 1861–1871. Þá fluttist hann til Bandaríkjanna og átti þar heima í Wisconsinríki, ýmist á Washingtoneyju eða í Milwaukee. Hann andaðist árið 1895, 71 árs að aldri.
- 30) Hlutaveltufélagið var verslunarfélag í Reykjavík og nágrenni, sem breytt var í hlutafélag 1873. Hlutir félagsmanna voru kallaðir veltuhlutir og af því hlaut verslunin nafnið „Veltan“ og gatan Veltusund. Fyrsti forstöðumaður þessa félags og einn helsti hvatamaður þess var Jón Guðmundsson Þjóðólfsritstjóri.
- 31) Lambertsensverslun var eign Guðmundar Lambertsens frá Eyrarbakka, 1834–1885. Hann fékkst við úrsmíðar og verslun og var jafnframt umboðsmaður Allan- skipafélagsins, sem annaðist fólksflutninga vestur um haf.
- 32) Sjóbúð var nyrsti bærinn í Grjótaþorpi. Þar bjó Geir Zoëga kaupmaður og útgerðarmaður frá 1860 til dauðadags, 1917. Sjóbúð var flutt upp í Árbæjarsafn fyrir nokkrum árum.

- ³³⁾ Danska orðið fyrir vöruskiptaverslun.
- ³⁴⁾ „Spekúlantstúr“, öðru nafni lausakaupferð, var það kallað þegar verslað var á skipsfjöli í kaптúnunum, þar sem skipseigandi hafði ekki aðsetur.
- ³⁵⁾ Hér er um gæðaflokk að ræða.
- ³⁶⁾ Niels Jörgensen, veitingamaður, var lengi þjónn Trampe greifa, stiftamtmanns. Jörgensen rak veitingastofu á horni Aðalstrætis og Austurstrætis, þar sem Hótel Ísland reis síðar og nú kallast „Hallærisplan“.
- ³⁷⁾ Haraldur Árnason kaupmaður, 1886—1949, einn af kunnustu kaupmönnum bæjarins um sína daga. Hann var Reykvíkingur að uppruna og stofnaði vefnaðar- og fata-verslun sína í Austurstræti árið 1915 og rak hana til æviloka.
- ³⁸⁾ Pálsbær eða Pontukot, sem svo var kallað, mun hafa staðið á horninu á Bjargarstíg og Óðinsgötu. Gróubær stóð við hliðina á Dúkskoti og voru þessi kot í miðju Garðastræti, eins og það er nú, mitt á milli núver-

andi Vesturgötu 11 og stýrhýsis Jóns J. Fannbergs stórkaupmanns, nú Garðastræti 2. Í Gróubæ var stundaður margs konar gleðskapur, svo sem peningaspil og annað þess háttar.

- ³⁹⁾ „Hólshús“ eða „Snússa“ stóð við Laugaveg, rétt fyrir ofan nr. 2. Þar sem kjötverslun Tómasar Jónssonar er nú. Þar virðist stundum hafa verið glatt á hjalla, ef marka má Söguljóð Kristjáns Jónssonar, Hvalveiðin, sem fyrirlesari vitnar til. Þar ljóðar skáldið svo:

— — —

Hoppaði hátimbrað skip
hrynjandi marar á bárum, —
svo sem með gleraugu grá
á griðkna -,ball“ Stefán sér flýtir,
og dansar við feitlagin fljóð
einn fjörugan „vals“ uppi „Snússa“,
— þannig um drynjandi dröfn
dansaði knörrinn inn sterki.

— — —

Sjá Ljóðmæli eftir Kristján Jónsson.
Búin til prentunar eftir Jón Ólafsson.
Önnur útgáfa. Rvík 1890.
Hvalveiðin. Söguljóð í 24 bókum.
Fyrsta bók. Bls. 405.